



Segðu upphátt hvað þú vilt kona!
Bæjarstýrur á Íslandi frá 1957-2012

Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Segðu upphátt hvað þú vilt kona!
Bæjarstýrur á Íslandi frá 1957-2012

Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Ágrip

Á síðustu árum og áratugum hafa konur orðið meira áberandi á vettvangi stjórnmalanna. Konur hafa gengt flestum þeim embættum sem mikilvæg eru stjórnkerfi Íslands og leyst þau vel af hendi. Hlutverk kynjanna hefur oft verið til umræðu í þessu samhengi og hafa nokkrir stjórnmalaflokkar tekið upp kynjakvóta til þess að gæta jafnréttis meðal karla og kvenna þegar kemur að stjórnmalum. Á Íslandi hafa 25 konur gegnt hlutverki bæjarstýra í sveitarfélögum af ýmsum stærðum. Þessar konur hafa ýmist komið úr umhverfi stjórnála eða sem fagaðilar að störfum sínum og hafa viðhorf til þeirra sem bæjarstýra verið margvísleg, þar á meðal kynja-tengd. Í þessu lokaverkefni verður leitast við að varpa ljósi á hvaða hlutverk kynið spilar í embætti sem hefur oft haft þann stimpil á sér að vera karllægt embætti. Í rannsókninni, sem byggð er á viðtölum við flestar þær konur sem gengt hafa stöðu bæjarstjóra, kemur fram sýn þeirra á áhrif eigin kyns í starfi. Í ljós koma mismunandi viðhorf þeirra gagnvart eigin kyni sem og á milli þeirra og almennings. Farið verður yfir rannsóknina ásamt rannsóknnum á áhrifum kynja í stjórnunarstöðum sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum.

Abstract

In the last years and decades, women have become increasingly prominent in the political scene. Women have held most of the important offices of in Icelandic governance and have done well in their offices. The role of gender has often been discussed in this context, and many political parties introduced quotas to ensure equal rights for men and women when it comes to politics. In Iceland, 25 women have been elected major in towns and cities of various sizes. These women have either come from a political environment or as professionals to their offices, and done their job with success. Attitudes towards the work of these women have been numerous, including gender related. This paper attempts to shed a light on the role gender plays in office which has been labeled being a male office. The study is based on interviews with most of these women and states their vision of the effects of their own gender in their work. The results show different views between them towards their own gender and also between them and the public. The paper covers the research with the 25 women and other researches on the effects of gender in management position that have been conducted in recent years.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni í Kynjafræði til 30 eininga. Leiðbeinandi minn var Þorgerður Einarsdóttir og vil ég þakka henni fyrir gott starf og góðar ábendingar. Einnig vil ég þakka eiginmanni mínum Þórði Atla Þórðarsyni fyrir mikla þrautseigju og hvatningu sem og móður minni Helgu Haraldsdóttur fyrir prófarkalestur ritgerðarinnar og óendanlega þolinmæði.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Abstract	4
Formáli	5
Töfluskrá	7
I. Inngangur	8
II. Saga kvenna í átt að pólitísku jafnrétti	11
Tölfræðilegt yfirlit	13
III. Leiðtogar, stjórnendur og forystuhlutverkið	19
Karlmennska	20
Kyngevri og kynhlutverk	21
IV. Ímynd stjórnámálanna.....	24
Konur og leiðtogar	25
V. Aðferð og gögn.....	28
Hulda Jakobsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi 1957-1962.....	30
Auður Auðuns, borgarstjóri í Reykjavík 1959-1960	33
VI. Rannsóknarniðurstöður	36
Fjölskylduhagir, aldur og menntun	40
Stjórnámálaflokkar, sveitastjórnir og íbúafjöldi	40
Skiptir kynið máli?.....	42
Stjórnámálaþátttaka	45
Jafnréttis- og kynjamál.....	45
Staða kvenna innan stjórnámálanna.....	47
Konur og leiðtogastöður	50
VII. Umræða og samantekt	54
VIII. Heimildaskrá	56

Töfluskrá

Tafla 1. Hlutföll kvenna og karla í sveitastjórnarkosninum frá 1978-2010	13
Tafla 2. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum 1950-2010	14
Tafla 3. Frambjóðendur sveitastjórnakosninga um allt land frá 1986-2010.	14
Tafla 4. Sveitastjórnarkosningar árið 2006. Sæti á framboðslistum.	15
Tafla 5. Sveitastjórnarkosningar árið 2010. Framboðslisti – konur og karlar.....	15
Tafla 6. Kjörnir fulltrúar eftir kyni í sveitastjórnnum frá árinu 1986 -2010.	16
Tafla 7. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2002.	17
Tafla 8. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2006.	17
Tafla 9. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2010.	18
Tafla 10. Menntun bæjarstýra.	36
Tafla 11. Stjórnsmálaflokkur bæjarstýra.	37
Tafla 12. Bæjarstýrurnar kosnar (pólítískar) eða ráðnar (ópólítískar).	37
Tafla 13. Fjölskylda og bæjarstýrur.	38
Tafla 14. Bæjarstýrur eftir framboðslistum.....	38
Tafla 15. Staða bæjarstýra eftir íbúarfjölda.....	39
Tafla 16. Fjöldi ára sem konur hafa gengt sem stöðu bæjarstjóra.....	40

I. Inngangur

„Heimurinn er líka farinn að skilja að ekkert er vænlegra til að stuðla að þróun, heilbrigði og menntun en að auka áhrif kvenna og stúlkna“.

-Kofi Annan framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2009.

Mörg þekkjum við söguna um manninn sem gekk niður landganginn á leið sinni upp í flugvél, hann sá í gegnum gluggana að flugstjóri vélarinnar var kona. Maðurinn harðneitaði að ganga um borð í vélina eftir þessa uppgötvun og gat alls ekki hugsað sér að fljúga með flugvél þar sem kona sæti í flugstjórasetinu. Hvort sem þessi saga er sönn eða ekki þá sýnir hún vel þau viðhorf sem að ríkt hafa í samfélagi okkar gagnvart konum í stjórnunarstöðum. Konur þurfa stöðugt að sanna ágæti sitt til þess að njóta trausts í störfum sem að þær eru vitaskuld fullfærar um að sinna af sömu getu og karlmenn.

Karllæg yfirráð eru enn mjög sterk í samfélaginu og hafa mótað menningu okkar, daglegt umhverfi og sjálfsmynd. Ríkjandi staðalmyndir kynjakerfisins stýra skoðanamyndun og orðræðu og boða til hvers er ætlast af einstaklingum og hvernig þeim ber að haga sér. Raunin er hinsvegar sú að enginn nær að lifa fullkomlega eftir hinum ríkjandi staðalmyndum, þó flestir reyni að nálgast þær með því að sýna af sér vissa hegðun og eiginleika. Karllæg viðhorf hafa verið ríkjandi frá örófi alda og hafa karlar mótað umgjörð stjórn mála, reksturs og menntunar og eiga sér lengri sögu í þeim efnum heldur en konur. Þannig hafa karlar nærst á samfélagslegum gildum sem þeir halda við, móta og falla inn í ljósi sögunnar. Þessum straumi hafa konur þurft að synda gegn í árhundruðir og oftast með litlum árangri. Það var ekki fyrr en á síðustu öld að konur fóru að verða metnar til jafns við karlmenn á flestum stigum samfélagsins og fengu tækifæri til þess að sinna störfum sem áður þóttu einungis henta karlmönnum. Þó að konum hafi fjölgað í „karlastörfum“ er baráttu þeirra ekki lokið enn. Það starfsumhverfi sem að konurnar hafa þurft að ganga inn í er oft á tíðum karllægt og hafa konurnar í mörgum tilfellum þurft að tileinka sér starfshætti karlmanna frekar en að móta störf sín eftir eigin höfði. Viðhorf almennings er oft á þann veg að konurnar þurfa að sanna sig áður en þær hljóta viðurkenningu í starfi, á meðan gert er ráð fyrir því að karlmenn gangi inn í störf án þess að þurfa að vera undir stöðugri smásjá. Einnig eru viðhorf karlmanna til kvenna sem ganga í „karlastörf“ oft neikvæð og þær kallaðar „trukkalessur“ eða „kúluvarparar“ sem ætlað er til þess að draga úr kvenlegri ímynd þeirra.

Á Íslandi hefur þróunin verið svipuð og annarsstaðar á Vesturlöndum varðandi jafnrétti og á sumum sviðum hefur Ísland verið frumkvöðull í þeim efnum. Skemmst er að minnast á að Ísland var fyrsta landið í heiminum til þess að hafa lýðræðislega kjörinn kvenforseta árið 1980, pólitísk þátttaka kvenna tók ákveðin kipp í kjölfar þess og hefur þeim konum sem gengt hafa stöðu sveitar-, bæjar- eða borgarstýru aukist jafnt og þétt síðan þá. Hámarkinu var náð í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2010 þegar konur sem kjörnar eða ráðnar voru í stöðu bæjarstjóra, voru 9 af 24 bæjarstjórastöðum á landinu, eða 37,5%. Til samanburðar má benda á að árið 2006 voru konur kjörnar eða ráðnar bæjarstjórar í 5 af 24 bæjarstjórastöðum á landinu, eða 21%, sem að þýðir fjölgun meðal kvenkyns bæjarstjóra um 16.5 prósentustig. Í dag eru 6 konur sem sitja sem bæjarstýrur á Íslandi sem gera tæp 25% af heildarfjölda þeirra kvenna sem setið hafa sem bæjarstýrur á Íslandi, en einungis 25 konur hafa gengt þeirri stöðu.

Við gerð þessa lokaverkefnis hafði ég samband við allar þær konur sem setið hafa sem bæjarstýrur á Íslandi sem enn eru á meðal okkar, tvær þeirra eru láttnar. Af þeim 23 konum fékk ég svar frá 20 og svarhlutfallið því um 87%. Markmið mitt með rannsókninni var að sjá hvort upplifun þessara kvenna hefði verið svipuð af störfum sínum sem bæjarstýrur og hvort munur lægi á svörum þeirra eftir því hvort þær voru ráðnar (ópólitískar) eða kosnar (pólitískar). Enn fremur skoða ég hvernig þær upplifa viðhorf samfélagsins og vinnufélaga, hver leið þeirra var að bæjarstýrustarfinu, hvað réði því að þær lögðu fyrir sig stjórnmaláþátttöku og hvort þær telji kyn sitt hafa skipt máli í sínu starfi sem bæjarstýra.

Svör kvennanna voru mismunandi og sumar skautuðu framhjá spurningum eða svöruðu þeim óljóst svo ekki var hægt að fá óyggjandi samanburð við svör annarra. Þess vegna læt ég orð kvennanna sjálfra í mörgum tilfellum standa og rýni í þau eftir bestu getu. Þeir þættir sem flestar konurnar áttu sameiginlega voru að þær töldu kyn sitt hafa litlu máli skipt í starfi sínu þegar þær voru spurðar að því. En þegar þær fóru að ræða út frá spurningunni gátu þær nánast undatekningalaust nefnt eitt eða fleiri dæmi þar sem kyn þeirra virtist hafa áhrif á viðhorf til starfa þeirra eða á störf þeirra beint. Flestar töldu einnig að konur þyrftu að hafa meira fyrir hlutunum en karlar og þyrftu stöðugt að sanna sig til þess að hljóta viðurkenningu samfélagsins og samstarfsfélaga. Margar nefndu staðlaðar klisjur varðandi kynbundin einkenni kvenna sem ástæðu þess að konur sækist síður eftir stjórnunarstöðum og enn fremur að konur séu að mörgu leiti hæfari stjórnendur en karlmenn. Einnig kom í ljós að þær konur sem ráðnar voru í störf sín upplifðu starfið jákvæðara en þær sem voru kosnar bæjarstýrur.

Í ritgerðinni verður notast við orðin bæjarstýrur eða sat í stöðu bæjarstjóra í stað þess að tala um bæjarstjóra þar sem að orðið bæjarstjóri felur í sér að sá sem gegnir því embætti sé karlmaður og því eðlilegra að tala um bæjarstýrur í sambandi við konur.

II. Saga kvenna í átt að pólitísku jafnrétti

Það var árið 1915, nánar tiltekið 19. júní, að tímamót í sögu pólitískra kvenréttinda eiga sér stað, konur fá kosningarétt á Íslandi, með þeim takmörkunum þó að einungis konur sem voru fjárráða og 40 ára og eldri gátu kosið. Fyrsta árið skyldi aðeins taka við þeim konum sem voru 40 ára og eldri en lækka skyldi aldurstakmarkið um eitt ár þar til jöfnuði væri náð við karla, en þá var kosningaréttur bundinn við 25 ára aldur. Árið 1920 var skerðingin þó felld úr gildi með fullveldisstjórnarskránni sem fylgdi í kjölfar sambandslaganna (Handbók Alþingis 2009, Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998).

Sjö árum seinna er fyrsta konan kjörin á þing, Ingibjörg H. Bjarnason. Hlutfall kvenna á þingi var þá tvö prósent, og næstu hálfa öldina breyttist þessi tala ekki mikið. Í kosningunum 1974 var farið að gæta áhrifa frá réttindabaráttu kvenna sem farið hafði af stað með stofnun Rauðsokkuhreyfingarinnar árið 1970 og nýjum hugsunarhætti sem kenndur var við '68 kynslóðina. Í lok áttunda áratugsins verður mikil vitundarvakning hvað varðar mikilvægi kvenna í samfélaginu og þá staðreynd að efla þurfi jöfnuð á milli kynjanna (Gísli Jónsson, 1977). Í sveitarstjórnarkosningunum árið 1982 buðu sérstök kvennaframboð fram lista í Reykjavík og varð þá Kvennalistinn til (Auður Styrkárssdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, 2005, Kristín Jónsdóttir, 2008).

Viðbrögðin við framboðinu voru sérstök og virtust flokkarnir vilja lítið kannast við kvenframboðendurnar. Þannig tengdu hægri flokkarnir þær við vinstri flokkana og kölluðu þær „kommakerlingar“ á meðan vinstri menn tengdu þær við hægri flokkana. Þó voru sumir flokkar sem tóku þeim opnum örmum, einkum Alþýðuflokkurinn á meðan Sjálfstæðisflokkurinn gaf það út að kvennaframboð ætti með öllu að hunsast. Sérstök kvennaframboð urðu þó til þess að róta upp málum og opna augu landsmanna fyrir lýðræðislegt jafnrétti. Kvennalistinn átti þátt í að auka hlut kvenna í stjórnámálum og hófu þær að opna umræðu um kvennapólitísk mál, hin mjúku mál, eins og kynferðisofbeldi, skóla- og dagvistarmál sem og velferðarmál og eflingu um leið sjálfsvitund íslenskra kvenna (Kristín Jónsdóttir, 2008).

Árið 1989 hélt baráttan áfram um að koma fleiri konum í stjórnámál og gaf Jafnréttisráð út bæklinginn: *Nú er lag! Fleiri konur í sveitastjórnir-fleiri konur á þing*. Bæklingurinn átti að gefa ábendingar um leiðir sem geta leitt til meiri jafnaðar og vera uppvakning fyrir landsmenn um þann ójöfnuð sem þá fylgdi stjórnámálum á Íslandi og var sérstaklega til þess gerður til að


hvetja konur áfram í stjórnámálum. Í bæklingnum mátti finna leiðir hvernig átti að bæta þennan ójöfnuð, meðal annars með því að hvetja stjórnmalasamtök áfram í að fá fleiri konur til að ganga til liðs við flokkana og finna ráð hvernig hægt sé að gera þeirra starf sýnilegra almennum félögum þannig að hlutur þeirra á framboðslistum yrði veglegri. Fleiri dæmi eru nefnd eins og að hafa konur sem framsögumenn á fundum, sem fundastjóra, vísa fjölmiðlum á konur, senda konur sem fulltrúa samtakanna á fundi eða ráðstefnur og hvetja konur til að skrifa í flokksmálgögn. Einnig eru nefnd dæmi þess hvað konurnar sjálfar geta gert til að vera virkir þátttakendur í stjórnámálum til jafns á við karla. Meðal annars gætu konurnar átt þátt í að skipuleggja virkt kvennastarf innan sinna samtaka, þær ættu að læra hvernig unnið er innan flokkanna þar sem margar starfsaðferðir sem viðgengist hafa í pólitísku starfi séu þeim mörgum framandi og því ættu þær að fara sínar eigin leiðir, konurnar eiga að vera ákveðnar og skoða að hvaða málum og málaflokkum þær ætla að starfa sérstaklega (Stefanía Traustadóttir, 1989).

Lágt hlutfall kvenna í stjórnámálum hefur verið tengt við marga þætti, svo sem atvinnuþátttöku, menntun, kosningakerfi og fleiri þætti. Þær ástæður sem einkum hefur verið fjallað um hafa verið flokkaðar í þrennt. Í fyrsta lagi félags- og efnahagslegar ástæður, eins og menntun og atvinnuþátttöku. Hér á landi er bæði menntunarstig og atvinnuþátttaka kvenna hátt. Til dæmis má nefna að árið 1983 þegar hlutur kvenna á þingi var 5% var 70% kvenna á vinnumarkaði, og því ekki hægt að tengja hlutfall vinnandi kvenna við lágt hlutfall þeirra í stjórnmalapátttöku. Ekki er heldur hægt að skella skuldinni á menntaskort kvenna þar sem mun fleiri konur en karlar ljúka háskólanámi.

Önnur ástæðan eru hinar kerfislægu ástæður í stjórnmalunum sjálfum eins og t.d. í kosningakerfinu og stjórnskipan flokkana sjálfra. Framan af voru konur oft tregar til að bjóða sig fram en á síðusta áratug tuttugustu aldar hafa aldrei verið jafn margar konur sem frambjóðendur og aldrei hafa konur verið fleiri sem bæjarstýrur. Þriðja og síðasta ástæðan eru menningarlegar ástæður en hér á landi er til dæmis hefðbundin viðhorf gagnvart stjórnmalapátttöku kvenna ekki opinberlega viðurkennt (Þorgerður Einarsdóttir og Guðrún Lilja Hjartardóttir, 2009). Unnur Brá Konráðsdóttir fyrrverandi sveitastjóri í Rangárþingi eystra segir að stærsti þröskuldurinn sé í hugum kvenna. Það eru konurnar sjálfar sem verða að taka þá ákvörðun að það sé rétt og sjálfsagt að fjölskylduábyrgð hvíli jafnt á herðum beggja foreldra og vinna að því markmiði að þessi sjálfsagða staðreynd verði almennt viðmið í samfélaginu (Unnur Brá Konráðsdóttir, 2006).

Tölfræðilegt yfirlit

Undanfarna áratugi hafa miklar breytingar átt sér stað í okkar samfélagi til þess að nálgast jafnrétti kynjanna og hinum ýmsum aðferðum verið beitt í þeim tilgangi og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Jafnréttisráð hvatti konur áfram í herferð sinni í stjórnámálum árið 1989. Ætla má að aðferðir þeirra hafi skilað árangri því konum hefur fjölgað með árunum í stjórnámálum, bæði á þingi og í bæjarstjórnnum. Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum á Íslandi hefur aukist síðastliðin ár á meðan hluttur karla minnkar og hlutföll á milli kynjanna jafnast. Hluttur kvenna jókst í sveitarstjórnnum á tímabilinu 1958 til 1978 frá því að vera 1% til þess að vera 6%. Árið 1982 voru konur orðnar 13% kjörinna fulltrúa og karlmenn 88%. Árið 1994 var hluttur kvenna í sveitarstjórnnum búinn að tvöfaldast frá því árið 1982 eða orðin 25% og hluttur karla búinn að minnka niður í 75%. Árið 2010 eru konur orðnar tæplega 40% og sátu því 9 af 24 bæjarstjórastöðum á landinu sem er tæplega 18 prósentustiga aukning frá árinu 1990 en þá voru þær 22% og aðeins tvær konur höfðu þá gengt stöðu bæjarstýru (Jafnréttisstofa, 2010).




Tafla 1. Hlutföll kvenna og karla í sveitastjórnarkosninum frá 1978-2010 (Jafnréttisstofa, 2010).

Ár	
1950	1
1954	0,4
1958	1
1962	1


1966	2
1970	2
1974	4
1978	6
1982	12
1986	19
1990	22
1994	25
1998	28
2002	31
2006	36
2010	40

Tafla 2. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum 1950-2010: (Hagstofan, 2011)




Tafla 3. Frambjóðendur sveitastjórnakosninga um allt land frá 1986-2010.

Frá sveitastjórnakosningunum árið 1986 til 2006 má sjá að hlutföll karla minnkar nokkuð með árunum og fer jafnandi við stöðu kvenna sem stafar líklega af sameiningu sveitarfélaga og fækkun kjörinna fulltrúa. Þannig voru kvenframbjóðendur árið 1986 orðnir 1374 talsins og karlar 2393. Árið 2010 eru konur enn í svipuðum hlutföllum eða 1333 talsins á meðan karlarnir eru orðnir 1503. Útskýra má þennan mun fyrst og fremst vegna sameiningu sveitarfélaganna og fækkun kjörinna fulltrúa. Þannig hefur körlum fækkað en tala kvenna stendur í stað.



Tafla 4. Sveitastjórnarkosningar árið 2006. Sæti á framboðslistum.


Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 voru mun fleiri karlar en konur sem buðu sig fram í 1. sæti á framboðslista, eða 134 karlar á móti 38 konum. Hlutföllin verða strax jafnari í 2. sætinu en þá eru konur 87 en karlar 85.



Tafla 5. Sveitastjórnarkosningar árið 2010. Framboðslisti – konur og karlar.


Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2010 má sjá svipað mynstur hvað varðar 1. sæti á framboðslista og frá árinu 2006 en þá eru karlarnir 139 á móti 46 konum. Konur eru fleiri en karlar hvað varðar 2. sætið eða 115 konur á móti 70 körlum, þær eru einnig fleiri í 3. sæti

framboðslistanna eða 108 konur á móti 77 körlum. Þegar kemur að 4. sæti eru kynin nokkuð jöfn eða 91 karl á móti 94 konum.




Tafla 6. Kjörnir fulltrúar eftir kyni í sveitastjórnnum frá árinu 1986 -2010.

Hér má sjá þróun kjörna fulltrúa eftir kyni í sveitastjórnnum frá árinu 1986 til 2010. Frá árinu 1986 til ársins 2010 má sjá að fulltrúum beggja kynja fækkar, þó aðeins örlítið milli ára hjá konum þar sem þær voru 226 árið 1986 en 204 árið 2010. Karlmönnum fækkar hinsvegar verulega eða úr 954 fulltrúum í 308.




Tafla 7. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2002.

Í sveitarstjórnarkosningum árið 2002 voru alls 657 manns kjörnir til sveitastjórna, þar af 207 konur sem svarar til 31,5% og 450 karlar eða 68,5%, í heild, ekki greint eftir stærð sveitarfélaga. Karlar eru fjölmennari en konur í öllum sveitarfélögum, þannig eru karlarnir 178 talsins á móti 97 konum í sveitarfélögum sem hafa fleiri en 1000 íbúa. Í sveitarfélögum þar sem búa 300-999 eru karlmenn meira en helmingi fleiri eða 122 á móti 54 konum. Í minnstu sveitarfélögum þar sem íbúar eru undir 299 eru karlar tæplega þrefalt fleiri eða 150 á móti 56 konum.



Tafla 8. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2006.

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 eykst hlutfall kvenna. Þá voru kjörnir 339 karlar sem svarar til 64,1% og 190 konur eða 35,9%. Hlutfall kvenna er hærra því fjölmennara sem sveitarfélagið er, konur voru 104 eða 38,8% kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri, 59 eða 35,1% í sveitarfélögum með 300–999 íbúa og 27 konur eða 29% í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri.



Tafla 9. Sveitastjórnarmenn kjörnir eftir kyni og stærð sveitarfélaga árið 2010.

Í sveitarsjórnarkosningunum árið 2010 náðu 512 einstaklingar kjöri eða 308 karlar sem samsvarar 61,1% og 204 konur eða 38,9%. Hlutfall kvenna er svipað og árið 2006 og enn hærra því fjölmennara sem sveitarfélagið er, þá ná 106 konur kjöri og 167 karlar í sveitarfélögum með fleirri en 1000 íbúa. Sveitarfélög með 300-999 íbúa náðu 82 karlar og 67 konur kjöri og í minnstu sveitarfélögunum sem eru með 299 íbúa eða færri náðu 59 karlar kjöri og 31 kona.

III. Leiðtogar, stjórnendur og forystuhlutverkið

Þegar talað er um leiðtoga (e. leadership) er almennt fjallað um einstakling sem hefur forystu, einstaklingurinn tekur forystu og leiðir þann hóp sem hann tilheyrir að því að ná sameiginlegum markmiðum hópsins. Þegar talað er um stjórnanda (e. manager) og stjórnun er átt við þann einstakling sem stjórnar, t.d. fyrirtækjum og vill fá sínum hugmyndum framgengt. Stjórnandi gerir hlutina rétt öfugt við leiðtoga sem gera réttu hlutina (Collard, J. og Reynolds, C., 2005). Stjórnandi er sá sem tekur ákvarðanir, leysir vandamál og ákveður hvað sé réttast t.d. hjá fyrirtæki. Stjórnandinn leysir vandamál með hjálp skynsemi og stjórnunar og getur jafnvel stundum farið inn í hlutverk leiðtogans ef aðstæður krefjast þess. Stjórnandi er sá sem hefur formlegt vald til þess að leiða einstaklinga áfram að settum markmiðum en leiðtogi eða sá sem veitir forystu getur bæði haft formlegt og óformlegt vald. Með formlegu valdi er verið að vísa til þess að valdið er veitt með ráðningu eða einstaklingur er skipaður í ákveðið hlutverk með formlegum hætti. Óformlegt vald er þegar einstaklingur leiðir forystu með því að fá fólk til að fylgja sér án þess að vera til þess skipaður á formlegan hátt (Gold og Evans, 2002).

Ahl (2006) og Collard og Reynolds (2005) rannsaka orðræðuna sem að einkennir rannsóknir á frumkvöðlum og er niðurstaða þeirra sú að hún virðist í flestum tilfellum setja konur í annan og óæðri flokk en karla eða bera þær saman við þá út frá karllægum gildum. Þetta telja þau afleiðingu þess að rannsakendur nota kenningar sem að byggja á eðlishyggju frekar en félagslegar mótunarkenningar. Þar sem kenningar um eðlislegan mismun karla og kvenna eru notaðar eru konur flokkaðar sem annars flokks og þeirra „kvenlegu“ stjórnunarhættir sagðir ópraktískir eða að þær nái ekki að byggja upp nægilega gott tengslanet vegna kyns síns. Einnig virðist oftast vera gert ráð fyrir því að konan sé háð fjölskylduaðstæðum þegar hún sinnir starfi sínu en að karlar séu óháðari fjölskyldunni eða m.ö.o. að það sé eðlislegt hlutverk konunnar að hugsa um börnin og heimilið.

Ahl (2006) og Collard og Reynolds (2005) telja mikilvægara að notast við félagslega mótunarhyggju í rannsóknum frekar en kenningar sem byggja á eðlishyggju. Samkvæmt félagslegu mótunarkenningunni geta einstaklingar ekki sýnt þá hegðun sem þeir telja æskilega. Hver menning hefur sín gildi og viðmið sem að þvinga fram „réttu“ kyngervis hegðun og þessi gildi hafa félagsleg áhrif. Þegar kyngervi, ekki kyn, er í brennidepli þýðir það að rannsóknin nær lengra en bara til karla og kvenna. Störf eru til að mynda kyngerð og

einnig frumkvöðlastarf. Ahl (2006) vill að hvorki karlar né konur séu til umfjöllunar, heldur uppbygging kyngervis í rannsóknargreinum um frumkvöðlastarf kvenna. Samkvæmt Ahl væri heppilegra að rannsaka kvenkyns frumkvöðla án þess að gera það út frá stöðu þeirra sem óæðra kynið. Einnig þyrfti að útvíkka rannsóknarefnin og breyta þekkingarlegri afstöðu rannsakenda sem takast á við þau.

Karlmennska

Nokkuð hefur verið fjallað um karlmennsku (e. masculinities) innan kynjafræðinnar. Skilgreiningar fræðimanna á hugtakinu byggja ýmist á eðlishyggju, raunhyggju eða tákfræði svo eitthvað sé nefnt. Connell (1995) segir karlmennskuhugtakið ávallt vísa til hegðunar og að „hið karlmannlega“ byggji ævinlega á andstæðu sinni, „hinu kvenlega“. Þannig er hegðun karlmannlegs einstaklings önnur en ókarlmannlegs. Ókarlmannlegur einstaklingur er til að mynda friðsamur, ekki árásagjarn, lélegur í fótbolta og státar sig ekki af þeim fjölda kvenna sem hann hefur sængað hjá. Á þennan hátt hafa karlmennska og kvenleiki ávallt birst sem andstæðir pólur sem ekki standa jafnfætis. Þessi huglægi valdamunur er orðinn órjúfanlegur hluti af menningunni sem birtist og endurskapast fjölmiðlum, í daglegu lífi okkar og orðræðu (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 1997).

Í sama streng tekur Connell (1995) sem talar um að samfélag okkar sé alfarið reist á karllægum skoðunum og gildum, sem hafi smitað út frá sér og litað samfélagið, stofnanir þess og stjórnýslu. Pierre Bourdieu (2000) er sammála Connell, hann vill meina að öll þau félagslegu samskipti eins og þau eru í dag hafi orðið til vegna valds sem einn hópur hafi stjórnað og skilgreindi veurleikann út frá eigin forsendum. Frá fornu fari voru það karlmenn sem öðluðust valdið og skilgreindu tilveruna eftir sínu eigin höfði og þannig er uppbygging samfélagsins sniðin að þeirra þörfum. Þessi karllægu gildi hafa mótað allar helstu stofnanir samfélagsins eins og réttar- og skólakerfið og kirkjuna og þar af leiðandi sýn fólksins í samfélaginu. Slík nálgun skilgreinir konuna ávallt sem ómerkilegra kynið og felur henni sess í hópi undirokaðra.

Breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby hefur rannsakað svokallað kynjakerfi (e. Gender order, gender regime, patriarchy) sem er skilgreint sem félagslegt valdakerfi sem einkennist af kerfisbundinni yfirskipun karla og undirskipun kvenna. Walby segir að flest allar þær kenningar sem byggjast á ríkisvaldinu hvort sem það eru hugmyndir Max Webers eða Karl Marx séu í raun gallaðar þar sem þær taka ekki tillit til hlutverka kynjanna. Hún segir jafnframt að ríkið sé tæki í höndum feðraveldisins og sé þannig ekki algilt heldur vígvöllur

karllægra pólitískra gilda og gerir lítið sem ekkert til þess að vinna úr og bæta stöðu kvenna. Þannig sé ríkið í sjálfu sér karllægt og byggist meira og minna á yfirráðum þeirra (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Kynjakerfið hefur einkennst í gegnum tíðina af yfirráðum karla og er karlmennska og vald samofið hugmyndum okkar um kyngervi og sjálfsmynd sem sífellt er staðfest af félagsgerðinni og samfélaginu. Því þó svo að kynjakerfið og hugmyndir um ríkjandi karlmennsku séu rótgróin í menningu okkar og sögu, þá viðhalda þau sér ekki sjálfkrafa. En þegar einum hópi er skipaður hærrí sess en öðrum, hefur ríkjandi hópur ávallt hagsmuni af því að forréttindastöðu hans og völdum sé viðhaldið (Connell, 1995).

Kyngervi og kynhlutverk

Hugakið kyngervi vísar í þau einkenni sem við tileinkum einstaklingum vegna líffræðilegs kyns þeirra. Það er að segja hvernig samfélagið segir fólki að hegða sér og hvaða eiginlega eiga að hafa miða við menningarlegar væntingar um kvenleika (e. femininities) og karlmennsku (e. masculinities). Við lifum og hrærumst í heimi þar sem sterkar samfélagslegar staðalmyndir ríkja og strax á fyrstu árunum eru einstaklingar skilgreindir út frá kyni sínu. Foreldrar móta börn sín á þann hátt sem þeim finnst eðlilegast og réttast, og yfirleitt í samræmi við hin viðurkenndu viðmið þjóðfélagsins. Margir þættir móta það hvernig við erum, svo sem umhverfi, foreldrar og vinir. Börn byrja snemma að gera sér grein fyrir kyni sínu og velja sér hlutverk eftir því. Stúlkur fara í mömmuleik og strákar í byssuleik (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Þegar þau ná sex ára aldri hafa þau öðlast fastmótaða hugmynd um kynhlutverk sitt og hvernig strákar og stelpur „eigi að“ klæða sig og hegða sér. Kynímynd barna er varanleg frá sex ára aldri, þegar þau átta sig á því að kyn þeirra breytist ekki við klæðaburð eða klippingu. Það er ekki fyrr en seinna á lífsleiðinni, þegar þau eru komin með þroska til, að þau geta mótað sig sjálf út frá eigin forsendum og hugmyndum (Berger, 1991).

Samkvæmt Shaffer og Kipp (2006) felst grundvallarmunur kynjanna einmitt í kynhlutverkum þeirra. Kynhlutverkin endurspeglar hvaða hegðun er viðeigandi fyrir stúlkur annarsvegar og drengi hinsvegar og undirbúa þau jafnframt undir framtíðina. Stúlkur læra að vera blíðar, góðar, umhyggjusamar og næmar fyrir þörfum annarra, og fá jafnframt leyfi til að tjá tilfinningar sínar. Þessir eiginleikar búa í haginn fyrir hlutverk þeirra sem eiginkonur og mæður sem halda fjölskyldunni saman. Drengir læra aftur á móti að vera áhrifamiklir, sjálfstæðir, ákveðnir og samkeppnisfærir sem verður þeim til framdráttar í atvinnulífinu. Einnig sem eiginmenn og feður, sem eiga að skapa verndandi umhverfi og vera fyrirvinna

heimilisins (Shaffer og Kipp, 2006). Þannig er ungum drengjum kennt að dylja tilfinningar sínar og sýna af sér hörku, svo að þeir verði afreksmenn og „hetjur“ (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004). Margrét Pála Ólafsdóttir (1998) heldur því fram að væntingar til kynjanna séu ólíkar og að þær gefi börnum jafnframt skýr skilaboð um til hvers er ætlast af þeim. Strákar eigi að vera sterkir, stórir og mega vera hávaðasamir en stúlkur eiga að vera fínar, sætar, hjálpsamar og hljóðlátar.

Áhugavert í þessu sambandi er lokaverkefni Berglindar Rós Magnúsdóttur (2003), en hún gerði rannsókn á valdatengslum nemenda í 10. bekk grunnskóla hér á landi. Tveir bekkir tóku þátt í rannsókninni og skoðað var meðal annars hvernig orðræður um kvenleika og karlmennsku hafi áhrif á hvað telst vera virðingaverð hegðun og þekking. Niðurstöðurnar voru þær að hugmyndir nemenda um hegðun og þekkingu voru nátengdar karlmennsku og ráðandi kyngervisoraðræðum sem dró úr þátttöku og virkni stúlkna og rýrðu þar með valdastöðu þeirra. Til dæmis var mest borin virðing fyrir því sem er tengt karlmennsku og áhugasviði drengja eins og tölvukunnátta, tónlistarhæfileikar og knattspyrnuíðkun. Áhugamál stúlkanna þóttu ekki nærri því eins áhugaverð eins og barnapössun, bakstur eða allt það sem tengdist útliti.

Árið 2007 rannsökuðu Fridkin og Kenny félagsmótun ungra nemenda í sex skólum í Bandaríkjunum og athuguðu hvort hún hefði áhrif á hegðun kynjanna í stjórnámálum. Niðurstöður þeirra rannsóknar bentu til þess að ólík hegðun kynjanna megi rekja til félagsmótunar þeirra frá unga aldri. Til dæmis voru strákarnir líklegri til að segjast styðja repúblikanaflokk Bandaríkjanna, á meðan helmingi fleiri stelpur studdu demókrataflokkinn, en demókratar leggja mun meiri áherslu á velferðarmál á meðan repúblikanar eru frekar tengdir til dæmis við stríðsrekstur. Spurt var um viðhorf til kvenna í stjórnámálum og mikill munur var á viðhorfum strákanna og stelpnanna, 32% stráka aðhylltust það að karlar hæfðu betur en konur til leiðtogastarfa í stjórnámálum á móti 7% stelpna. Niðurstöður könnunarinnar sýndu enn fremur að skoðanir 14 ára barna endurspeglar að mörgu leyti viðhorf fullorðinna einstaklinga til stjórnmála. Þannig eru 14 ára stelpur mun líklegri til að sýna stjórnmálaflokki sem leggur áherslu á velferðarkerfi stuðning rétt eins og fullorðnar konur á meðan karlarnir samþykkja frekar nauðsyn stríðs og valdabaráttu (Kim L. Fridkin og Patrick J. Kenney, 2007).

Samkvæmt Ahl (2006) er kyngervi afleiðing uppeldis- og félagslegra samskipta sem er mismunandi eftir aðstæðum og tímum hverju sinni. Þegar talað er um kynjun er átt við hvort hitt eða þetta sé kynjað, til dæmis hvort forystuhlutverkið sé kynjað, eða kynjaða fjárlagagerð. Þar sem átt er við að samfélagið hefur gefið sér að forystuhlutverkið sé kynjað, það er að

segja að karlar eiga að vera í forystu. Lögð er áhersla t.d. á opinberra aðila til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið. Ahl (2006) hefur gagnrýnt kenningar sem byggðar eru á eðlishyggju og telur að þær geri hinum félagslegu þáttum ekki nægilega góð skil. Hún sýnir fram á að flestir fræðimenn sem fjalla um kvenfrumkvöðla séu litaðir af eðlishyggjunni. Hún segir að frjálslýndur feminismi, þar sem gert er ráð fyrir að munurinn á körlum og konum, sé lítill og velti ekki upp spurningum um skrifræði eða leiðtogahlutverk. Konur eiga ekki að breyta gildum samfélagsins, heldur aðlaga sig að ríkjandi reglum þar sem að munur kynjanna sé það lítill að það henti báðum kynjum. Um menningarfemínisma, sem tekur á hinni hliðinni og sýnir karla og konur sem ólík kyn segir Ahl að karllæg gildi fái að vera óáreitt en önnur og andstæð gildi séu í boði fyrir konur. Að aðgreina konur og karla einhlítt, þýðir að sjónarhorn á „karlinn“ og „konuna“ verða tvö mismunandi hugtök sem að takmarka greiningu á báðum kynjum. Ahl telur eðlilegast að nota póstmóðernískar kenningar með áherslu á félagslega mótunarhyggju. Þar er ekki verið að hugsa um hvað konur og karlar eru, heldur hvernig karlmennska og kvenleiki eru byggð upp og hvaða áhrif þessi uppbygging hefur í félagsgerðinni. Kyngervi á ekki við kyn sem líffræðilegan þátt heldur það sem flokkað er sem karlmannlegt eða kvenlegt og er óháð líffræðilegu kyni einstaklingsins. Samkvæmt Ahl er kyngervi ekki eitthvað sem að „er“ heldur er það „áunnið“ eða „framkvæmt“ og allt sem að er háð endursköpun eða endurgerðri hegðun kyngervis.

Þessi munur er sprottinn úr þeirri rótgrónu félagsgerð sem fjallað hefur verið um hér að framan. Stúlkur ganga inn í ákveðin kynhlutverk sem að þær læra af samfélaginu, bæði af karl- og kvenlægum fyrirmyndum. Karlar eru í meirihluta stjórnenda og oft má finna kvenfyrirlitningu í orðræðu þeirra. Með þessar fyrirmyndir þá læra stúlkur að slíkt teljist eðlilegt og meðtekið. Skortur á konum í stjórnámálum gerir það að verkum að stúlkur hafa ekki þær fyrirmyndir sem að drengir hafa á vettvangi stjórn mála. Þær alast upp í kringum konur sem að sinna sínu kynbundna hlutverki og læra þar af leiðandi að það sé þeirra hlutverk einnig. Konur eru sjálfar stór hluti vandans með því að sýna ekki frumkvæði, sjálfstæði og rísa upp gegn karllægum gildum samfélagsins og búa þannig til fordæmi fyrir komandi kynslóðir. Karlar hafa lítið gert til þess að draga úr karllægum gildum samfélagsins og eiga því einnig mikinn þátt í að viðhalda þeim enda hafa þeir mestra hagsmuna að gæta í þeim efnum. Rót vandans liggur því hjá báðum kynjum enda jafnréttisbarátta ekki einkamála kvenna.

IV. Ímynd stjórnmalamanna

Leiðtogahæfileikar og stjórnunaraðferðir eru þættir sem geta haft áhrif á ímynd stjórnmalamanna þar sem það er hluti af hegðun þeirra. Þar sem karlmenn hafa löngum verið í hlutverki stjórnenda hafa þeir skilgreint hlutverk leiðtogans að mestu leyti. Ein af ástæðum fyrir mun á leiðtogastíl kynjanna er sögð vera væntingar til samfélagsins.

Friðrik H. Jónsson (1993-4) rannsakaði ímynd stjórnmalamanna og bjó til mælikvarða á ímynd þeirra. Þannig mældi hann út ímynd tólf stjórnmalamanna, níu karla og þriggja kvenna. 96 nemendur voru spurðir og beðnir um að gefa álit sitt á stjórnmalamönnum samkvæmt ákveðnum kvarða. Í niðurstöðum kom í ljós að staða stjórnmalamanna er mismunandi eftir hópum, til dæmis kom skýr munur á því hvernig ímynd þeirra birtist eftir því hvaða stjórnmalaflokk svarandinn studdi. Flestir stjórnmalamenn höfðu bæði sínar sterku og veiku hliðar en sérstaklega var athyglisvert hvað Ingibjörg Sólrún mældist hátt á öllum kvörðunum og því ætti hún að henta best til markaðssetningar. Ímynd getur skipt máli í stjórnmalum og má til að mynda nefna hvernig bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn reyndu að bæta ímynd sína eftir efnahagshrunið árið 2008 þar sem ímynd beggja flokka beið gríðarlega hnekki og gripu þeir báðir til þess ráðs að endurnýja forystu flokkanna í þeirri von um að bæta ímynd flokksins.

Þekking fólks á stjórnmalamönnum á yfirleitt rætur sínar að rekja til umfjöllunar fjölmiðla. Árið 2001 gerði Félagsvísindadeild Háskóla Íslands könnun til að skoða birtingarmynd karla og kvenna í stjórnmalum í fjölmiðlum. Athugunin stóð í eina viku og náði til dagblaðanna, Dags, DV og Morgunblaðsins og útvarps- og sjónvarpsstöðva Ríkisútvarpsins (RÚV) og Stöðvar 2. Alls voru 101 stjórnmalamaður nefndur þessa vikuna og þar af 30 konur og 71 karl, samtals 236 sinnum í dagblöðunum þrem. Í sjónvarpi voru viðtöl við karlmennina lengri í heildina séð, en þau viðtöl sem tóku lengstan tíma voru tekin við stjórnmalakonur eða í 56% tilvika. Niðurstöður í útvarpi sýndu að hlutfall umfjöllunar um karla í stjórnmalum nam 66% og hlutur kvenna því 34% (Velferðarráðuneytið, 2001).

Auk þess má nefna að birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum á árunum 1970-1990 sýndu að konur voru mest megnis útilokaðar frá umfjöllunum um vissa „karla“ málaflokka, meðal annars hvað varðar iðnað, orkumál og fjármál (Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Í lokin má nefna rannsókn sem félags- og fjölmiðlafræðinemar við Háskóla Íslands gerðu árið 2005 þar sem 6 fréttapættir voru greindir

á 7 dögum. Samtals voru tekin viðtöl við 999 einstaklinga og þar af aðeins 244 konur. Það sem var áhugavert var þegar rætt var um stjórnámál innanlands var talað við 31 einstaklinga og þar af aðeins 6 konur og þegar rætt var um sveitastjórnarmál var talað við tvo einstaklinga sem báðir voru karlkyns (Margrét Valdimarsdóttir, 2005).

Konur og leiðtogar

Erfiðara hefur verið að fá konur til að taka þátt í stjórnámálum en karla, Auður Auðuns fyrsta borgarstýra Reykjavíkur útskýrði það svo að gamalgróinn hugsunarháttur og hefðbundið viðhorf til hlutverkaskiptingar milli kynjanna valdi því að íslenskar konur eru ekki fleiri í stjórnámálum en raun ber vitni (Ragnhildur Helgadóttir, 1981). Konur eru tregari í framboð en karlar vegna þess að þær hafi ekki tíma til að sinna pólitísku starfi og vegna útivinnu og heimilis. Þannig virðast karlmenn almennt eiga auðveldara með að samræma fjölskyldulíf og stjórnmalastarf (Auður Styrkárstöttir og Svanur Kristjánsson, 2001).

Guðný Guðbjörnsdóttir (2007) telur að hægt sé að greina fjóra meginþætti sem skýri af hverju það gengur erfiðlegar fyrir konur að komast í leiðtogastöður en karlmenn. Hún segir að í fyrsta lagi sé það ekki séð að kynferði leiðtoga skipti máli, í annan stað gæti það verið að konurnar sjálfar séu vandamálið. Þær séu ekki nógu harðar og skorti áhuga og reynslu sem stjórnendur auk þess sem þær geta upplifað togstreitu milli heimilis og atvinnu. Í þriðja lagi eru gerðar meiri kröfur til kvenna og að hin eiginlega leiðtogastaða sé óvinveitt konum þar sem karlar þykja passa betur inn í hlutverk leiðtogans og staðalmynd um kynin ríkir. Í fjórða og síðasta lagi þurfa konur að geta starfað af heillindum líkt og karlar gera án þess að fá fordóma, þannig þurfa konur að standa betur saman.

Sinclair (1999) segir að leiðtogar þurfi bæði að hafa góða og sterka sjálfsmýnd og að kynímyndin og þokkinn sé einn mikilvægasti þáttur af sjálfsmýndinni. Þannig telur hún að völd og kynþokki sé tengt, en það geti karlar nýtt sér en síður konur vegna þess að þær verða að afneita bæði kynferði sínu og kynþokka til að forðast vanvirðingu. Sinclair heldur því fram að samband á milli leiðtoga og kvenímyndar sé flókið samspil, það að vera með kvenlega eiginleika eins og að geta verið barnshafandi, varalitað sig og gengið í pilsum geti veikt leiðtogafærni kvenna í augum annarra og þar að leiðandi veiki það konu sem leiðtoga. Þess vegna vilja konur oft gera lítið úr kynferði sínu og kynþokka, til að falla inn í hópinn, en með því að falla inn í hópinn og vera ein af strákunum tapa þær sinni sérstöðu og veikja sig um leið sem leiðtoga.

Til eru kenningar þar sem þokki kemur við sögu þegar talað er um leiðtogahlutverkið eins og til dæmis með hugtakinu umbreytingarforystu (e. transformational leadership) og er skilgreind sem persónueinkenni þar sem einstaklingurinn sé ráðandi, hafi mikla og sterka löngun til að hafa áhrif á aðra, hefur mikið stjálfsraust og er með sterk siðferðisgildi. Í dag er ætlast til þess að leiðtogar séu sterkir og hafi mikil völd og séu kjarkmiklir, líkt og karlmenn eiga að vera. Karlmenn passa því betur við leiðtogahlutverkið vegna þeirra sýnar sem við höfum á leiðtogahlutverkinu og á karlmanninum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007).

Judy Rosner (1990) er frumkvöðull hvað varðar að rannsaka mismun á leiðtogastíl karla og kvenna. Hún komst að þeirri niðurstöðu að upphaflega hafi alls ekki verið mikill munur á leiðtogastíl kynjanna þegar konur fóru að taka sín fyrstu skref í að taka við æðstu stöðum samfélagsins. Ástæðuna telur hún vera þá að konur einfaldlega fetuðu í fótspor karlanna og fóru eftir því sem þeir höfðu þegar lagt og leitt þá til árangurs. Í dag er lögð mikil áhersla á næmni og þátttöku og segir hún að það sé bein afleiðing vaxandi áhrifa kvenna í æðstu stöðum samfélagsins. Rosner telur þannig að stjórnunarhættir kvenna séu öðrvísi en karla af þeirri ásæðu að kynin eru einfaldlega ólík að upplagi og þannig búi konur yfir öðrum persónueinkennum en karlar og öfugt.

Guðný Guðbjörnsdóttir (2001) kannaði kvenstjórnendur í menntakerfinu og upplifun þeirra á leiðtogahlutverkinu. Hún segir að viðmælendur sínir hafa sýnt að hugmyndir þeirra um styrkleika og veikleika kvenstjórnenda séu mjög í samræmi við staðalmyndina um kvenlæga stjórnunarhætti. Þær sögðust þó oft sjálfar verða öðruvísi og voru yfirleitt á því að konur þurftu að fara mýkri leiðina til að ná árangri, en hægt væri að hafa bein í nefinu án þess að tapa góðmennskunni og oft væri erfitt að segja nei við fólk sem þeim þykir vænt um. Þær þurftu helst að vera betri til að teljast jafn góðar karlmönnum og að margir karlmenn þoli almennt ekki klárar konur. Þær sögðu einnig að hlustað væri meira og betur á karlmennina í kerfinu og komið fram við þá af meiri virðingu en konur.

Rannsókn Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur á kvenleiðtogum sýndi svipaða útkomu og rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Árelía tók ítarviðtöl við átta kvenleiðtoga, sex af viðmælendum hennar voru forstjórar sem hafa allt frá 15 starfsmenn í yfir 300. Hinar tvær voru framkvæmdastjórar hjá stórum fyrirtækjum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndi að konur sem ná toppstöðum í íslenskum fyrirtækjum þurfi, eins og karlar, að vera mjög duglegar en þurfi samt sem áður að hafa meira fyrir leiðtogahlutverkinu vegna þess að ímynd á leiðtogum er enn sú að það sé karlmaður sem eigi að genga því hlutverki. Konurnar eiga að vera mjúkar en

samt þurfa þær að sanna að þær geti einnig verið harðar og kaldar. Flestar konurnar fóru þá leið að vera „ein af strákunum“ og láta fordóma í sinn garð ekki trufla sig í átt að markinu. Heildar niðurstaða rannsóknarinnar var sú að konur sem ná árangri séu líklegri til að hafa þurft að laga sig að „karlamenningunni“ (Árelía Eydís Guðmundsdóttir, 2008).

V. Aðferð og gögn

Í þessari ritgerð eru til umfjöllunar allar þær 25 konur sem gengt hafa bæjar- eða borgarstýru stöðu hér á landi. Haft var samband við þær allar nema þær Huldu Jakobsdóttir og Auði Auðunsdóttir sem að eru fallnar frá.

Þessar konur hafa gegnt eða gegna starfi bæjarstjóra á Íslandi:

Hulda Jakobsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi 1957-1962

Auður Auðuns, borgarstjóri í Reykjavík 1959-1960

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri í Reykjavík 1994-2003

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundafjarðarbæ 1995-2006

Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ 2000-2005

Stefanía Traustadóttir, bæjarstjóri í Ólafsfirði 2002-2006

Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri í Blönduósbæ 2002-2007

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ 2002-

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ 2002-2007

Hansína Ásta Björgvinsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi 2004-2005

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri Reykjavík 2004-2007

Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri í Stykkishólmsbæ 2005-2010

Stefanía Katrín Karlsdóttir, bæjarstjóri í Árborg 2006-2006

Oddný G. Harðardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs 2006-2010

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg 2006-2010

Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðarbyggðar 2006- 2010

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar 2006-

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, 2007-2009

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík 2008-2010

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi 2010-

Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri í Árborg 2010-

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð 2010-

Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi 2010-2011

Eirný Vals, bæjarstjóri í Vogum 2010-2011

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri í Stykkishólmi 2010-

Í byrjun febrúar 2012 hófst gagnavinna um þessar konur og upplýsingaöflun um þær. Efni um þær konur sem sitað hafa sem bæjar/borgarstýrur hérlendis var ekki auðvelt að finna. Lítið hefur verið skrifað um þær, bæði í tímarit og blöð, og á það sérstaklega við um þær konur sem setið hafa sem bæjarstýrur hjá bæjarfélagi með innan við 5000 íbúa. Á heimasíðum bæjarfélaganna er upplýsingum um þær bæjarstýrur sem þar hafa setið einnig ábótavant.

Haft var samband við konurnar 23, bæði með póstsendingum og símleiðis og þær beðnar að svara spurningalista. Það voru 13 konur sem svöruðu spurningum í gegnum tölvupóstasamskipti og 7 konur veittu viðtöl og því byggist rannsóknin á gögnum um 20 konur. Viðtölin fóru öll fram í marsmánuði og voru mislöng, frá 20 mínútum í allt að 80 mínútur og voru þau öll afrituð. Um var að ræða opin viðtöl og spurningarnar staðlaðar, þannig fengu allar konurnar sömu spurningar hvort sem það átti við um þær eða ekki. 13 konur voru ópólítískar, það er að segja ráðnar inn í starfið í gegnum umsóknarferli og 12 konur voru pólitískar eða kosnar sem gera hlutföll þeirra á milli nánast jafnt. Í úrvinnslunni voru svör þeirra flokkuð niður í 8 kafla og einnig útbúnar töflur og gröf með tölulegum upplýsingum um þær. Að ósk margra kvennana verða þær ekki nafngreindar í þessari rannsókn og verða þeim ekki gefin gervinöfn. Tilvitnanir þeirra eru láttnar standa einar og sér í samfelldum texta sem birtist hér á eftir, án þess að vera merktar þeim sérstaklega.

Þegar úrvinnsla svaranna hófst, áttaði ég mig á því að það hefði e.t.v hentað betur að spyrja þær konur sem voru ráðnar (ópólítískar) sem bæjarstýrur annarra spurninga þar sem margar spurninganna áttu ekki við þær. Þetta fannst mér endurspeglast í þeim svörum sem þær gáfu við fyrstu 6 spurningunum sem oft voru stutt og innihaldslaus miðað við svör kosnu kvenanna (pólítísku). Spurningarnar voru 10 talsins:

1. Varst þú pólitískur bæjarstjóri (kjörin) eða ópólítískur (ráðin til starfa)?
2. Hvernig og hvenær hófst þín þátttaka í stjórnámálum?
3. Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fara út í stjórnámál?
4. Hafa aðrir í þinni fjölskyldu tekið þátt í stjórnámálum, s.s. foreldrar, systkini, maki?
5. Tókstu þátt í prófkjöri? Ef svo er, hvernig gekk prófkjörið fyrir sig?
6. Hvar á lista varstu?

7. Telur þú að kyn þitt hafi skipt máli í þínu stjórnmalastarfi og sem bæjarstjóri? Ef svo er, til hins verra eða til hins betra?
8. Lagðir þú áherslu á jafnréttis- og kynjamál?
9. Hvernig upplifðir þú stöðu kvenna innan stjórnmalanna?
10. Af hverju telur þú að það gangi erfiðlegar fyrir konur en karla að komast í leiðtogastöður?

Áður en gerð verður grein fyrir rannsókninni á bæjarstýrum verður dregin hér upp svipmynd af frumkvöðlum kvenna í stóli bæjarstjóra á Íslandi, þeim Huldu Jakobsdóttur og Auði Auðuns. Báðar þessara kvenna voru frumkvöðlar á þessu sviði en þær voru bæjarstýrur á tímabilinu 1957-1962. Eftir það tók við yfir 30 ára tímabil þar sem engin kona gegndi stöðu bæjarstjóra. Næst á eftir þeim var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kjörin borgarstjóri í Reykjavík, árið 1994. Eftir það var þróunin hraðari. Það er athyglisvert að báðar þessar konur voru pólitískar bæjarstýrur en meirihluti kvenna í stöðu bæjarstjóra er ópólitískur eins og fram kom hér að framan. Umfjöllunin hér þjónar þeim tilgangi að setja aðstæður þessara frumkvöðla í víðara samhengi og varpa ljósi á upphaf kvenna sem bæjarstýra.

Hulda Jakobsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi 1957-1962

Hulda Jakobsdóttir fæddist 1. október árið 1911 og lauk gagnfræðiprófi vorið 1928 frá Menntaskólanum í Reykjavík þá 27 ára gömul. Faðir hennar Jakob Bjarnason var alfarið á móti því að stúlkur héldu í áframhaldandi nám en Hulda fór þvert á ráðleggingar föður síns og ákvað að halda áfram námi og las fjórða og fimmta bekk utan skóla. Á þessum tíma fengu nemendur gagnfræðapróf eftir að hafa lokið 3. bekk en gátu síðan haldið áfram þriggja ára námi og útskrifast með stúdentspróf, fór svo að Hulda útskrifaðist úr 6. bekk með samnemendum sínum vorið 1931, þá útskrifuðust 35 strákar og 6 stelpur. Hulda hélt áframhaldandi námi við Háskóla Íslands og lauk Cand. phil. – prófi ári seinna (Gylfi Gröndal, 1988).

Faðir Huldu og bróðir létust í sjóslysi vorið 1931 og neyddist Hulda til að sjá fjölskyldu sinni farboða í framhaldi af því. Hóf hún störf hjá Efnagerð Reykjavíkur og vann þar næstu sjö árin. Á þeim tíma kynnist hún eiginmanni sínum Finnboga Rúti Valdemarssyni og giftu þau sig

árið 1938 og tveim árum seinna fluttust þau í Kópavogin nánar tiltekið í Marbakka og hófu búskap, eignuðust Hulda og Rútur fimm börn saman (Gylfi Gröndal, 1988).

Kópavogur á þessum tíma var nánast auður og óbyggður og tilheyrði Kópavogur Seltjarnarneshreppi og var oft á tíðum kallaður Uppahreppurinn. Samkvæmt manntali árið 1930 voru íbúarnir aðeins 47 manns. Reykjavík gat ekki sinnt eftirspurn eftir húsnæði á þessum árum þar sem margir bjuggu í niðurníddum kjallara eða bragga. Uppahreppurinn hafði nægt landsvæði og varð því eftirsóttur staður til að byggja bústaði eða byggja ný hús. Fór svo að árið 1945 voru íbúar hreppsins orðnir 521 talsins og sóttust eftir að fá byggingarleyfi, skóla, vatn og vegi og önnur réttindi til að geta lifað sómasamlegu lífi á þessum nýja stað. Hulda og Rútur voru ein af þeim og hófu fljótlega þátttöku í málefnum sveitarfélagsins og stofnuðu þau ásamt öðrum Framfarafélagið, félag til að efla og vinna að framkvæmdum og efla samgöngur auk þess að sinna ýmsum öðrum verkefnum fyrir hreppinn. Rútur var kosinn í aðalstjórn félagsins og hófst þannig pólitískur vettvangur þeirra hjóna. Átti Framfarafélagið heiður að því að Kópavogur varð sjálfstæður hreppur árið 1948 og seinna kaupstaður árið 1955. Hulda var kosin formaður skólanefndar Kópavogs og vann ötullega það starf að koma grunnskólanum Kópavogsskóla á fót og fjölgaði íbúum Kópavogsbæjarmikið á þessum tíma og bærinn byggðist hratt (Gylfi Gröndal, 1988).

Fyrstu kosningarnar eftur að Kópavogur varð sérstakur hreppur fór fram árið 1948, þá komu tveir listar fram; A-listi, sem Framfarafélagið stóð að og Rútur átti sæti í, og B-listi. A-listi vann með meirihluta og fór svo að Rútur var kosinn oddviti fyrstu hreppsnefndar Kópavogs (Gylfi Gröndal, 1988).

Í sveitastjórnarkosningunum árið 1954 buðu þrír stjórnmalaflokkar sig fram á móti Framfarafélaginu sem þá hét listi óháðra kjósenda. Það voru Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn og skipaði Hulda sjötta sætið á lista óháðra kjósenda. Hulda segir í ræðu sinni „Nokkur orð til kvenna í Kópavogshreppi“ þann 12. febrúar 1954:

Kvenþjóðin hefur stundum verið fundið það til foráttu af ýmsum, að hún væri alltof „ópólitísk“ og hefur þessi sleggjudómur átt að merkja það, að konur almennt fylgdust lítið með því sem gerðist í stjórnmalabaráttunni og tækju of lítinn þátt í pólitískum átökum. Það er að vísu rétt, að konur taka ekki mikinn þátt í opinberum málum, og veldur þar auðvitað mestu, að mikill hluti kvenþjóðarinnar er bókstaflega bundinn í báða skó við heimilisannir og barnaupveldi. Á hinn bóginn er ég alveg viss um, að konur fylgjast ekki síður með því sem gerist á opinberum vettvangi heldur en karlmenn, þótt þær geri lítið að því að taka til másl á fundum, séu kannski ekki mikið fyrir að láta draga sig í

pólítíska dilka. Og það er þó áreiðanlega víst, að í bæjar- og sveitastjórnarmálum fylgjast konur vel með og alveg sérstakega hér í Kópavogshreppi. [...] Ég er viss um, að allar konur, hvar í flokki sem þær standa, geta best tryggt framtíð sína og sinna með því að stuðla að því, að hér verði haldið áfram á sömu braut í hreppsmálum- og það gera þær með því að kjósa G-listann – lista óháðra kjósenda. Konur í Kópavogshreppi! Ég skora á ykkur, hvaða flokki, sem þið kunnið að fylgja í landsmálum, að fylkja ykkur um G-listann – lista óháðra kjósenda- lista Kópavogsbúa. (Gylfi Gröndal, 1988: 154-157).

Með ræðu sinni lofar Hulda konur Kópavogs og hvetur þær til að hafa sinn vilja og skoðun hvað varðar pólítík Kópavogs og hvetur þær áfram til að kjósa G- lista, lista óháðra kjósenda.

Hvort ræða Huldu hafi verið svo áhrifarík er ekki vitað en eitt er þó víst að G- listi vann meirihluta og Rútur tók við sem bæjarstjóri árið 1955. Árið 1957 brá svo við að Rútur var skipaður bankastjóri Útvegsbanka og var jafnframt alþingismaður og var því annríki hans mikið og ákvað Rútur að segja af sér sem bæjarstjóri. Á fundi bæjarstjórnar 5. júní 1957 var Hulda Jakobsdóttir kjörin með samhljóða atkvæðum, bæjarstjóri í Kópavogi. Hulda sagði í viðtali við Þjóðviljann 6. júní 1957 þegar hún er spurð hvernig hún hyggi til bæjarstjórarstarfsins: “Eg hefði helzt viljað vera laus við þetta, en eg hef tekið þátt í bæjarmálefnum Kópavogs áður.“ (Þjóðviljinn, 1957: 1). Gróusögur fóru um Kópavogsbæ að Rútur hefði ekki tíma til að gegna bæjarstjórahlutverkinu sjálfur og átti hann að hafa troðið Huldu inn í starfið. Hulda segir sjálf í bók Gylfa Gröndal *Við byggðum nýjan bæ* (1988) að sannleikurinn hafi verið sá að það hafi verið auðveldara fyrir hana að gegna bæjarstjóra embættinu því hún þekkti bæjarmálin vel og hafði tekið þátt í þeim frá upphafi á sama hátt og Rútur. Hulda var þá 46 ára gömul og áttu þau hjón fimm börn.

Bæjarstjórakosningar fóru svo fram í janúar 1958 og hélt listi óháðra kjósenda meirihluta og varð Hulda áfram bæjarstjóri. Helstu áherslur hennar á bæjarstjórnartímanum var bygging kirkju, félagsheimilis og sundlaugar, en skólamálin áttu þó hug Huldu, enda fyrirferðamest allra mála (Gylfi Gröndal, 1988).

Árið 1962 fóru bæjarstjórakosningar fram og ákváð Hulda að gefa ekki kost á sér. Hún segir ástæðuna vera þá að hún sé komin með nóg, enda orðin langur og strangur ferill. Hulda var þó hvergi hætt og 12 árum síðar var Hulda kosin í bæjarstjórnina á nýjan leik. (Gylfi Gröndal, 1988).

Hulda Jakobsdótti var fyrst kvenna til að gerast bæjarstýra á Íslandi, og markar það stór tímamót í pólítískri sögu kvenna. Þó hún hafi verið ráðin fyrst um sinn virtist almenn ánægja

vera með Kópavogsbúum með þann ráðahag því ári síðar var hún kosin með meirihluta til þess starfa og hvatti hún konur Kópavogs óspart áfram enda var það fámuna að konur kæmu nálægt pólitík. Hulda var sæmd riddarakrossi fyrir störf sín að sveitarstjórnarmálum árið 1994 og lést 31. október 1998 (Kópavogsbær, 2007).

Auður Auðuns, borgarstjóri í Reykjavík 1959-1960

Auður Auðuns fæddist 18. febrúar 1911, yngst fjögurra sytkina og ólst upp á Ísafirði. Vorið 1929 útskrifaðist Auður úr Menntaskólanum í Reykjavík, foreldrar hennar hvöttu hana áfram til náms og skráði hún sig til náms við Háskóla Íslands og lauk fyrst kvenna á Íslandi lögfræðiprófi vorið 1935 (Sigríður J. Magnúsdóttir, 1981).

Að námi loknu fluttist Auður aftur til Ísafjarðar þar sem hún stundaði málflutning. Samtök kvenna á Ísafirði kunnu vel að meta frumkvöðlahlutverk hennar og fengu hana til að gerast ræðumaður á kvennréttindaginn 19. júní 1931 og var það í fyrsta skipti sem Auður hélt ræðu opinberlega. Auður fluttist til Reykjavíkur eftir ársdöl á Ísafirði og hóf störf sem lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og gengdi hún því starfi um tuttugu ára bil. Hún giftist manni sínum, Hermanni Jónssyni hæstaréttarlögmanni árið 1936 og eignuðust þau fjögur börn saman (Björg Einarsdóttir, 2004).

Mestum hluta starfsævi sinnar varði Auður til sjórnmalastarfa, hún starfaði mikið í Kvenréttindarfélagi Íslands og átti sæti í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna. Auður var alla tíð mikil kvenréttindarkona og var Sjálfstæðisflokkurinn sá vettvangur þar sem hún fann hugsjónum sínum farveg. Fyrir bæjarstjórakosningarnar í Reykjavík árið 1946 ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að efna til prófkjörs um val á efstu menn framboðslista flokksins. Auður var þar tilnefnd og hlaut þriðja sætið á listanum í prófkjörinu, sem komi Auði mjög á óvart. Úrslit kosninganna urðu þau að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 48,6% atkvæða og átta menn kjörna og var því Auður komin með stól í bæjarstjórn, auk þess sat hún í bæjarráði frá ársbyrjun 1952 og til loka kjörtímabils 1970 (Björg Einarsdóttir, 2004).

Í Alþingiskosningunum árið 1959 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 24 þingmenn kjörna inn og var Auður einn þeirra. Til starfa tók stjórnarsamstarf Sjálfstæðismanna og Alþýðuflokks sem jafnan er kennt við viðreisnarstjórnina og sat við völd til ársins 1971. Gunnar Thoroddsen þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur var skipaður fjármálaráðherra í þessari nýju stjórn og fékk hann leyfi frá störfum borgarstjóra sama ár og voru þau Auður Auðuns og Geir Hallgrímsson

kjörin borgastjórar. Var þetta í fyrsta skipti hér á landi að kona tókst á hendur svo ábyrgðamikið starf á vettvangi bæjarstjórnunar en íbúar Reykjavíkur vorum um 72 þúsund. Athyglisvert er einnig að tveir aðilar hafi gengt saman starfi borgarstjóra, en slíkt hafði ekki verið gert áður, samvinna þeirra var þó góð og átakalaus. Auður var þá 48 ára gömul og Geir 34 ára. Málefnið voru skipt milli þeirra og í hlut Auðar komu menntamál, heilbrigðismál og félagsmál en Geir hafði á sinni könnu fjármál og verklegar framkvæmdir og allt það er varðaði Reykjavík sérstaklega (Sigríður J. Magnúsdóttir, 1981).

Þegar Sigríður J. Magnúsdóttir (1981) spurði Auði hvort henni þætti ekki erfitt að taka við borgarstjórarstarfinu svarar hún: „Því er til að svara, að starfinu hefur verið skipt, eins og kunnugt er, og svo hitt, að ég hafði kynnt allnáið málefnum bæjarins eftir margra ára setu í bæjarstjórn og bæjarræði, og það auðveldar vitanlega starfið“. Árið 1960, ári seinna, segja Auður og Gunnar starfi sínu formlega lausu sem borgarstjórar og tekur Auður við starfi forseta borgarstjórnar (Sigríður J. Magnúsdóttir, 1981).

Í samtali Bjargar Einarsdóttur við Auði segir hún að starf hennar sem borgarstjóri hafi verið meira en meðalstarf og erfitt að sleppa því úr huga sér þegar heim var komið, þannig hafi þetta verið sólarhringsstarf:


Ég sóttist ekki eftir því að verða borgarstjór. Í október 1959, skömmu áður en ég varð borgarstjóri, var ég kosin á þing fyrir Reykjavík. Þá var svo komið að auk þingmennsku gegndi ég borgarstjóra- og borgarráðsstarfi. Börn mín voru orðin fjögur og það yngsta ekki nema fimm ára gamalt og starfsálagið því æði mikið heima og heiman (Björg Einarsdóttir, 2004, 53).

Næsta áratug var Auður samtímis í borgarstjórn og á Alþingi. Hún settist í stól dóms- og kirkjumálaráðherra frá árinu 1970-1971 en hætti á þingi vorið 1974. Auður var formaður Landssambands Sjálfstæðiskvenna um tveggja ára skeið frá 1973-1975 og formaður Hvatar, félags Sjálfstæðiskvenna í Reykjavík frá 1976 til 1978. Hún var brautryðjandi í stjórnámálum kvenna og vann göfugt starf að réttindum þeirra, meðal annars með starfi sínu hjá Mæðrastyrksnefnd og sat hún einnig í stjórn Kvenréttindafélags Íslands í áratugi. Auk þess kom Auður til leiðar mikilvægum lagasetningum er vörðuðu rétt kvenna á Íslandi. Má þar nefna ný hjúskaparlög sem tóku gildi árið 1972 og jöfnuðu rétt kvenna og karla til eigna í hjúskap og hún beitti sér einnig fyrir lögum um launajöfnuð karla og kvenna (Björg Einarsdóttir, 2004). Auður var í sendinefnd Íslands til Sameinuðu Þjóðanna á þeim tíma sem yfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum varð til og kvennaáratugur Sameinuðu Þjóðanna leit dagsins ljós (Þyrí Halla Steingrímsdóttir, 2011).

Auður leit á kvenréttindi sem mannréttindi og að mannréttinda ættu allir að njóta. Auður Auðuns varð fyrst íslenskra kvenna lögfræðingur, ráðherra og borgarstjóri. Það var ekki fyrr en 35 árum seinna að kona fetaði í fótspor Auðar sem borgarstjóri. Auður lést 19. október 1999, 89 ára gömul (Björg Einarsdóttir, 2004).


VI. Rannsóknarniðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir rannsókn á þeim konum í stöðu bæjarstjóra sem komu á eftir þeim Huldu Jakobsdóttur og Auði Auðuns. Við yfirferð á niðurstöðum rannsóknarinnar verður notast við gröf og texta til þess að sýna fram á menntun, pólitískt starf, ferli að stjórnunarstöðu kvennanna, fjölskyldutengsl í stjórnámálum, hvernig konurnar dreifast hlutfallslega á mismunandi stærðir bæjarfélaga og starfsaldur. Rannsóknin miðar að því að kanna hver staða kvenna í stjórnarstöðu innan sveitastjórna er út frá sjónarhorni þeirra sjálfra. Konurnar sem að rætt var við virðast að mörgu leyti ekki telja að kyn þeirra hafi skipt máli í þeirra bæjarstýrustarfi, en þó gætir ákveðinnar þversagnar í svörum þeirra þar sem að þær hafa flestar frá einhverju að segja sem að þær upplifðu í starfi sem tengdist kyni þeirra. Einnig eru sumar konurnar duglegar við að setja sig í eða staðfesta stöðluð kynbundin hlutverk kvenna. Má sjá fullyrðingar og vangaveltur á borð við að konur nálgist samfélagsmál með öðrum hætti en karlar og að stjórnámál yrðu betri og árangursríkari ef að fleirri konur tækju þátt í þeim. Viðhorf gagnvart stjórnmaláþátttöku er einnig áhugavert en þar má sjá að viðhorf þeirra kvenna sem ráðnar voru í störf sín og þurftu þar af leiðandi ekki að ganga í gegnum pólitíska baráttu, er jákvæðara en þeirra sem komust til valda í gegnum kosningar.




Tafla 10. Menntun bæjarstýra.

Þegar skoðuð er menntun kvennanna þá eru konurnar allar háskólagengnar, þannig voru 9 konur sem lokið hafa fyrstu háskólagráðu og 16 konur sem lokið höfðu framhaldsháskólagráðu.




Tafla 11. Stjórnmalaflokkur bæjarstýra.

Þegar skoðaðir eru stjórnmalaflokkar kvenanna kemur í ljós að 11 konur voru ekki flokksbundnar. Hinsvegar eru jöfn skipti á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar eða 6 konur í hvorum flokki og tvær konur eru í flokknum annað, þar sem þær koma úr flokkum sem einungus hafa boðið fram í viðkomandi sveitarfélögum.




Tafla 12. Bæjarstýrurnar kosnar (pólítískar) eða ráðnar (ópólítískar).

Konurnar eru nokkuð jafnar þegar skoðað er hlutfall kvenanna á því hvort þær séu kosnar (pólítískar) eða ráðnar (ópólítískar). Þá eru 13 konur sem voru ráðnar sem bæjarstýrur en 12 konur voru kosnar.




Tafla 13. Fjölskylda og bæjarstýrur.

Þegar skoðað er hvort fjölskylda bæjarstýranna hafi tekið þátt í stjórnmálum, þ.e. maki, systkini eða foreldrar voru 15 konur sem átt hafa eða eiga fjölskyldumeðlim sem tekið hefur þátt í stjórnmálum en 10 af þeim hafa átt eða eiga ekki fjölskyldu sem tekið hefur þátt í stjórnmálum.




Tafla 14. Bæjarstýrur eftir framboðslistum.

Tíu af konunum buðu sig fram í 1. sætið á framboðslista í stjórnarkosningum en ein kona í 2. sætið. 14 konur sem settið hafa sem bæjarstýrur buðu sig ekki fram á framboðslista fyrir stjórnarkosningar.



Tafla 15. Staða bæjarstýra eftir íbúafjölda.

Þegar konurnar eru skoðaðar eftir íbúafjölda bæjarfélaga eru 5 konur sem gegnt hafa stöðu bæjarstjóra í bæjarfélögum sem hefur 300-999 íbúa, 9 konur gegnt bæjarstjórastöðu þar sem íbúafjöldi er 10.000 eða fleiri. Flestar hafa þær setið sem bæjarstýrur þar sem íbúafjöldi í bæjarfélaginu er 1000-9.999 eða alls 11 konur. Þetta sýnir að 80% kvennana sem gegnt hafa stöðu bæjarstýru hafa gert það í bæjarfélagi sem að hefur fleirri en 1000 íbúa. Miðað við hlutfall kvenna sem kosnar voru til setu í bæjarstjórnnum á árunum 2002, 2006 og 2010, þá voru 51,2% þeirra í sveitarfélögum sem að höfðu fleirri en 1000 íbúa. Það er því ekki endilega samasemmerki milli fjölda kvenna sem kosnar eru til setu í bæjarstjórnnum en þó verður að taka með í reikninginn að konurnar 25 sem setið hafa í stól bæjarstýru, gerðu það á mun lengra tímabili en bara á þremur framangreindum tímabilum.



Tafla 16. Fjöldi ára sem konur hafa gengt sem stöðu bæjarstjóra.

Langflestar konurnar eða 16 höfðu starfað sem bæjarstýrur í 1-4 ár, þar með er talið þær konur sem eru enn starfandi sem bæjarstýrur. Konurnar eru 6 sem gengt hafa bæjarstýrustöðu í 5-8 ár og 3 konur hafa gengt þeirri stöðu í 9-11 ár. Meðalaldur kvennana þegar þær tóku við stöðu bæjarstóra var 44 ára. Algengast var að þær tækju við stöðunni 40 ára gamlar en fjórar höfðu gert það.

Fjölskylduhagir, aldur og menntun

Langflestar þessara kvenna eru giftar og eiga barn/börn. Allar eru þær háskólagengnar og höfðu 9 af þeim lokið fyrstu háskólagráðu og 16 konur höfðu loku framhaldsháskólagráðu. Flestar höfðu þær annað hvort menntað sig á uppeldissviðinu, sem viðskiptafræðingar eða lögfræðingar. Þegar skoðað er hvort fjölskylda bæjarstýranna hafi tekið þátt í stjórnámum og hvort að það hafi átt sinn hlut í því af hverju þær urðu bæjarstýrur, þ.e. maki, systkini eða foreldrar. Kom í ljós að 15 konur höfðu átt eða eiga fjölskyldumeðlim sem tekið hefur þátt í stjórnámum en 10 af þeim hafa ekki átt eða eiga ekki fjölskyldu sem hefur tekið þátt í stjórnámum.

Stjórn mála flokkar, sveitastjórnir og íbúafjöldi

Þegar skoðaðir eru stjórn mála flokkar kvennanna kemur í ljós að 11 konur voru ekki flokksbundnar. Hinsvegar eru jöfn skipti á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar eða 6 konur í hvorum flokki og tvær konur eru í floknum „annað“ þar sem þær koma úr

flokki þeirra sveitarfélaga. Tíu af konunum buðu sig fram í 1. sætið á framboðslista í stjórnarkosningum en ein kona í 2 sætið. 14 konur sem settið hafa sem bæjarstýrur buðu sig ekki fram á framboðslista fyrir bæjarstjórnkosningar.

Samkvæmt framangreindum rannsóknum ætti því hin dæmigerða bæjarstýra að vera milli fertugs og fimmtugs, vera ópólitísk og sitja í eitt kjörtímabil (4 ár), vera með fjölskyldutengsl við einhvern sem hefur haft afskipti af stjórnámálum og gegna embætti í stóru kjördæmi (með fleirri en 1000 íbúa). Íbúafjöldi sveitarfélaganna virðist skipta miklu máli þegar kemur að möguleikum kvenna til þess að hreppa bæjarstjórnastólinn. Þetta sést á því lága hlutfalli kvenna sem að gegnt hefur starfi bæjarstjóra í sveitarfélögum sem að hafa færri en 1000 íbúa, en þær eru einungis 5 talsins eða 20% af heildarfjölda bæjarstýra á Íslandi. Lisa Young (1994) bendir á að mjög smá kjördæmi reynist konum oft erfiður hjalli þar sem hún telur að til þess að konur hafi raunhæfa möguleika verði kjördæmi í kosningum að hafa minnst sex fulltrúa og þrjá flokka til að keppa um þau. Ef flokkur sér enga möguleika á því að vinna fleiri en eitt sæti í kjördæmi séu litlar líkur á því að hann taki frambjóðendaval sitt föstum tókum með kynjasjónarmið í huga. Þar með sé karlmaður nær því öruggur í fyrsta sætið. Þegar skoðaðar eru sveitastjórnkosningarnar árið 1998 má sjá að fylgni reyndist vera milli stærðar framboðsins og fjölda kvenna hjá Framsóknarflokki, því færri fulltrúa sem flokkurinn átti í kaupstaðnum því færri konur voru mjög ofarlega á lista (Auður Styrkárssdóttir og Svanur Kristjánsson, 2001).

Prófkjör

Aðeins 7 konur tóku þátt í prófkjöri og eru þær flestar sammála um það að prófkjörið reynir í ríkum mæli á persónulega sýn, heilindi, heiðarleika og dómgreind þeirra og hvernig þær geta nýtt sér sína eiginleika í hinu pólitíska ferli. Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir og Indriði H. Indriðason (2008) segja að dreifing kvenna í sæti í prófkjörum megi ráðast af tveimur þáttum. Í fyrsta lagi þá hafi atferli áhrif á gengi kvenna í prófkjörum og í öðru lagi að ákvarðanir frambjóðendanna um hvaða sæti þeir sækjast eftir hafi áhrif á árangur þeirra.

Mörgum kvennanna þóttu prófkjörin oft hörð og baráttan mikil sem höfðaði ekki mikið til þeirra. Ennfremur voru nokkrar sammála um að prófkjörin séu óhentug aðferð til að velja á lista og þannig sé betra að stilla þeim upp:

Þegar ég tók þátt í prófkjöri þá var það opið prófkjör og eðli málsins samkvæmt þá voru sitjandi sveitarstjórnar í afburðastöðu gagnvart nýju fólki, gátu t.d. ferðast um kjördæmið í

vinnutímanum án þess að leggja út ferðakostnaðinn eða símakostnað sjálfir nema að litlu leyti. Prófkjörum fylgir kostnaður og góð sambönd, sterkt tengslanet og „maður þekkir mann“ skipta kannski mestu þegar upp er staðið. Prófkjórið var svona eins og þau verða oftast, baráttan harðnar þegar líður á og menn beita mismunandi aðferðum. Þegar niðurstaða liggur fyrir hafa menn síðan allskyns skýringar á því hvað gerðist og hvernig og hversvegna og að sjálfsögðu geta aldrei allir verið sáttir.

Ég tók þátt í prófkjöri og það gekk vel, vann fyrsta sætið. Mæli þó ekki með prófkjörsaðferðinni sem er klárlega ein versta aðferð sem til er til að velja á lista.

Fyrstu kosningunum var stillt upp og ég er ekki frá því að uppstilling sé besta aðferðin þrátt fyrir að hún hafi fengið á sig gagnrýni fyrir klíkuskap og fleira en þeir sem stilla upp reyna að gæta sjónarmiða allra, bæði kynjanna, aldurs, reynslu, starfsreynslu og þekkingar. Prófkjörin geta oft verið óvægin og fólk er dregið í dilka viljugt eða ei.

Skiptir kynið máli?

Þegar konurnar eru spurðar að því hvort þær telji kyn sitt hafi skipt máli í sínu starfi sem bæjarstýrur, telja þær flestar í upphafi að svo sé ekki. Eftir því sem að líður á svör þeirra kemur í ljós að kyn þeirra virðist hafa skipt meira máli en þær hafa sjálfar talið. Þannig má sjá að þær hafa orðið varar við breytt viðhorf gagnvart embætti sínu vegna kyns síns, fólk sé óformlegra og telji að konur geti stuðlað að breytingum í embætti sem að karlar gætu ekki gert. Þessi þversögn er áhugaverð og gæti gefið til kynna að konurnar líti á kyn sitt sem aukaatriði á meðan viðhorf almennings er annað. Einnig mætti segja að þær séu ekki að öllu leiti meðvitaðar um áhrif kyns síns eða þær vilji ekki viðurkenna áhrif þess á störf sín. Þá er áhugavert að sjá að konurnar sjálfar setja sig í kynjahlutverk með því til að mynda að tala um að konur nálgist samfélagsmál á annan hátt en karlar.

Ég var ráðin fyrsta konan í þetta starf í mínum heimabæ. Í sveitarstjórn þá voru 6 karlar og 1 kona, í meirihlutanum (sem var ábyrgur fyrir ráðningunni) voru 5 karlar. Ég held að þetta hafi ekki þótt neitt algjörlega sjálfsagt mál, á þessum tíma. Mér var almennt mjög vel tekið heima fyrir, og ef eitthvað er, þá átti ég fleiri „stuðningsmenn“ í hópi eldri bæjarbúa, eldra fólkinu fannst þetta kærkomið (kannski fyrst og fremst að heimamanneskja væri tekin við starfinu) en fleiri á mínum eigin aldri voru e.t.v. skeptískari, ef eitthvað var.

Ég var fyrsta konan til að taka við starfi bæjarstjóra á svæðinu og að annarra sögn fylgdi því viss ferskleiki og nýjar áherslur. Ég tel ekki að kyn mitt hafi skipt máli, öllu heldur karakter

*minn og nálgun mín á viðfangsefnin. Að auki var ég „utanbæjaraðili“ og engin fjölskyldu-
eða venslatengsl því að flækjast fyrir ákvörðunum. En vissulega nálgast konur viðfangsefni
öðruvísi en karlar og það setti mark sitt á mín störf.*

Nokkur hluti kvennanna segjast hafa fundið fyrir því að bæjarbúar fögnuðu því að það væri
kona tekin við starfi bæjarstjóra og mörgum þótti þetta kærkomin breyting.

*Mér fannst það samt aldrei há mér neitt sérstaklega að vera kona. Var kannski ekki svo mikið
að hugsa um það held ég. Oft hjálpaði það mér, frekar en hitt. Fannst það. Mér fannst t.d.
stundum að fólk væri ekki eins formlegt eða jafnvel opnara/opinskárna við mig, heldur en það
hefði verið við karlmann, e.t.v. 20-30 árum eldri en ég. Stundum hafði fólk beinlínis orð á því.
E.t.v. var það að bæjarstjórinn væri „orðinn kona“ líka boðberi breytinga. Nýju fólki fylgja
breytingar sem og nýjungar og e.t.v. átti ég að mörgu leyti auðveldara með að koma fram
breytingum, af því að ég var kona – sem var róttækari breyting í hugum margra heldur en ef
það hefði einfaldlega komið karlmaður í stað karlmanns í starfinu. En stundum fékk ég nú
samt að heyra það að það truflaði fólk eitthvað að ég væri kona, kannski óbeint. Ég vil trúa
því að það hafi haft góð áhrif og verið ákveðin fyrirmynd, fyrir ungt fólk sem dæmi, að kona
væri bæjarstjóri. Börn sem voru 5-6 ára, í leikskóla í bænum þegar ég tók við starfinu, voru
útskrifuð úr grunnskóla þegar ég hætti sem bæjarstjóri. Vonandi var það þeim einhvers
virði/einhver fyrirmynd, að kona væri sveitarstjóri.*

*Hvort að kynferði mitt hafi skipti máli skal ég ekki fullyrða um. Sennilega skiptir kynferði
einhverju máli – eins og yfirmennirnir hefðu þurft að sýna að þeir bæru traust til kvenna.
Það skipti máli hvors kyns ég var vegna starfs míns – það var hluti af nýrri stefnu bæjarins að
jafna hlut kynja í stjórnendalaginu, það var markmið að breyta þessu og öll störfin sem
losnuðu í framhaldinu voru auglýst þannig þangað til við vorum búin að ná því markmiði að
jafna kynjahlutföllin. Þannig sóttu mikið fleiri konur um og það vakti athygli þessi meining á
bakvið að við vildum jafna kynjahlutfallið, þetta voru ekki innantóm orð. Á þessum tíma sóttu
um mjög margar hæfar konur, það voru fleiri og hæfari konur sem sóttu um heldur en karlar
og þessi hvatning skipti máli, við vildum fá konur!*

Konurnar eru einnig flestar sammála því að þær nálgast samfélagsmál með öðrum hætti en
karlar, vegna þess að þær séu betri hlustendur en karlar og þ.a.l. meira gefandi. Þær vinni
einnig betur saman þar sem þær telja sig hafa meira samráð sín á milli en karlarnir.

Konur nálgast samfélagsmál og verkefni oft með öðrum hætti en karlar. Ég tel að ég hafi nálgast mörg mál á annan hátt en karlar í sambærilegum störfum og karlar sem ég starfaði með í sveitarstjórnámálum. Einnig tel ég að menntun mín sem [fagstétt] og starfsreynsla hafi skipt miklu máli um hvernig ég kaus að starfa. Á margan hátt tel ég að þetta hafi verið til hins betra, t.d. lagði ég mikla áherslu á heildarsýn á mál og að hagsmunir heildarinnar kæmu ofar sérhagsmunum, hagsmunir barna og ungmenna og þeirra sem höllum fæti standa kæmu ofar sérhagsmunum. Ég lagði mikla áherslu á gegnsæi, að mál væru unnin á opinn og vandaðan hátt og að leitað væri eftir breiðri samstöðu og umræðu um málefni sem vörðuðu hagsmuni íbúanna í sveitarfélaginu. Í hinum karllæga pólitíska heimi eru slík nálgun alls ekki sjálfsögð og ekki alltaf vinsæl, þó ýmislegt hafi nú breyst á síðustu árum. „Karlar hjálpa körlum“ og „men-talking“, er algengt „fyrirbæri“ í pólitík og vissulega ganga konur stundum inni þannig vinnubrögð en oftar ekki.

Þær töluðu einnig um hvað það skiptir miklu máli hvernig þær hafa haft áhrif á samfélagið og aðrar konur og geti verið fyrirmyndir sérstaklega fyrir börn.

Litlar stelpur sjá að konur geta jafnt og karlar verið bæjarstjórar og ég varð oft vitni að sérstakri upplifun þeirra og spurningum sem sýndu að fyrir þeim opnaðist nýr möguleiki. Strákarnir þurfa líka á þessu að halda, einn gutti á leikskóla spurði mig „ertu þá bæjarstjórakona“ ? og var dálítið ringlaður yfir þessu öllu saman, en bara nokkuð sáttur.

Eitt sinn fékk ég unga krakka í „starfskynningu“, man ekki hvort það voru elstu leikskólakrakkar eða yngstu grunnskólabörnin. Þau fengu m.a. að máta bæjarstjórastólinn. Ein stelpa sagðist ætla að verða bæjarstjóri þegar hún yrði stór. Annar strákur sagði: ég líka. Þá sagði stelpa; Nei, þú getur það ekki – það geta bara konur orðið bæjarstjórar! ...

Ein segir að tíminn sem hún var sem bæjarstjóri hafi bæði verið skemmtilegur og lærdómsríkur en hann hafi jafnframt verið tímafrekur. Hér er einnig ákveðin staðfesting á þeirri stöðluðu kynjaímynd að stjórnunarstöður henti körlum betur þar sem þessi viðmælandi telur að starf hennar hafi hamlað henni í barneignum.

Eina sem ég sé eftir á þessum árum sem ég var í bæjarstjóri var að ég eignaðist ekki fleiri börn –en ég á tvö börn og núna sé ég að ég hefði átt að eignast það þriðja en taldi mig greinilega svo gersamlega ómissandi að það varð ekkert úr því. Það fer mikill tími í stjórnmalapáttöku og maður gerir sér ekki grein fyrir því fyrr en eftir að sviðið er yfirgefið og að maður hefur látið stjórnmalin og bæjarmalin ganga fyrir öllu öðru.

Þó svo að þeim hafi fundist þetta vera bæði skemmtilegir og lærdómsríkir tímar, að sitja sem bæjarstýra, segja þær að það sé jafnframt mjög vandasamt og erfitt. Þannig lýsir ein kvennanna að stundum hafi hún þurft að taka vondar og hræðilegar ákvarðanir.

Það kom mönnum kannski frekar á óvart en hitt hvað ég gat verið köld. Ég þurfti að skera mikið niður og neita mörgum. Maður gat þess vegna farið heim til sín og grenjað eftir svona bæjarstjórnarfundum. Kannski kom fólk meira fram við mig á persónulegum nótum vegna þess að ég er kona. En maður gerði þetta bara.

Stjórnmalapáttaka

Þegar konurnar voru spurðar að því hvað varð til þess að þær fóru að taka þátt í stjórnmalum voru svörin misjöfn þar sem rúmur helmingur kvennanna eru ópólítískar og ráðnar inn í starfið. Þær konur sem voru kosnar segjast allar hafa haft áhuga á stjórnmalapáttöku og vildu leggja góðum malum lið og koma með ferska vinda inni pólítíska starfið í sveitarfélaginu. Þó hafi ýmislegt spilað þar inni og þannig segir ein kona að áfangi í kynjafræði hafi haft hvetjandi áhrif á sig og hún hafi ekki viljað láta sitt eftir liggja við að byggja upp samfélag. Aðrar segja að tilviljun ein hafi ráðið því að þær tóku þátt í sveitastjórnarmalum á meðan aðrar sögðust hafa verið hvattar til þess að taka þátt í framboði til sveitastjórnakosningar.

Það var gengið á eftir mér um að taka sæti á lista og ég var alveg til í að verða varamaður og fá sæti svona eins og í einni nefnd. Ég hafði sýnt ákveðið frumkvæði í dagvistunarmalum og það dugði til þessarar eftirspurnar.

Jafnréttis- og kynjamál

Allar konurnar nema ein sögðust hafa lagt áherslu á jafnréttis- og kynjamál á þeim tíma þegar þær voru bæjarstýrur, þó mismikið. Nokkrar þeirra höfðu þá þegar verið búnar að tengjast kvennafræðum og voru þegar byrjað að líta á heiminn með kynjagleraugum enda mikill hluti af þeim og nýttu sér það inn í starf sitt.

Mér finnst jafnréttismál vera heilbrigðir stjórnunarhættir og þeir eiga að vera samofnir öllu öðru. Sveitarfélagið sem ég stýrði hefur verið framarlega í jafnréttismalum og oft á tíðum brautryðjandi og ég var mjög stolt af þeim samanburði sem við fengum í norrænum rannsóknarverkefnum og í verkefnum á vettvangi sveitarfélaga hér innanlands. Auðvitað var gagnrýnd ákvörðunartaka sem snerist um kvennastéttir en það er einfaldlega hlutverk

stjórnámálanna að taka ákvarðanir og þær geta oft á tíðum verið sársaukafullar fyrir annað hvort kynið.

Í nokkrum af litlu bæjarfélögum var þetta mikil nýbreytni að konur yrðu bæjarstýrur. Þar voru gamlar venjur enn við gildi og feðraveldið sterkt. Mennirnir unnu á sjó og sáu um alla útgerð á meðan konurnar voru heima eða unnu að uppeldisstörfum. Á sama tíma voru heilu kvennaveldin í sumum bæjarfélögum og konur allsráðandi. Þar voru það konur sem gengdu stöðu skólastjóra, prests, sýslumanns og voru í almennri forrystu fyrir sveitarfélagið.

Auðvitað var erfitt að koma inn í svona lítið og gróið samfélag og ætla að stokka upp í hlutunum og margir litu á mig sem algjöra rauðsokku, sem er í sjálfu sér alls ekki slæmt. En ég lagði mikla áherslu á jafnan rétt kvenna og karla og mér finnst satt að segja konur ekki nægjanlega áfram gengnar og of hlédrægar. Það var að minnsta kosti mín reynsla.

Margar unnu eftir jafnréttisáætlun sveitarfélagsins sem þær höfðu sjálfar komið í gang.

Ég hef ávallt lagt áherslu á að sterkar og öflugar konur veldust til starfa jafnt í pólitík sem og í önnur störf. Þær hafa aftur á móti ekki verið teknar fram yfir karla heldur hafa þær unnið á eigin forsendum og verðleikum og verið metnar sem slíkar. Jafnréttisáætlun var unnin hér í upphafi míns fyrra kjörtímabils og unnið hefur verið eftir henni.

Ég hóf afskipti af stjórnámálum vegna jafnréttismála og hef alltaf í mínum störfum reynt að gæta þess að fylgja mínum hugsjónum um sömu tækifæri kvenna og karla.

Já, eitt af mínu fyrstu verkum var t.a.m. að koma upp jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.

Enn aðrar sögðust hafa sinnt jafnréttismálum en frekar óbeint en beint og hefðu þær viljað geta sinnt jafnréttismálum betur ef tími hefði gefst til.

Já, ég tel mig hafa sinnt kynja- og jafnréttismálum. Bæði beint og óbeint. Sem [fagstétt] lagði ég líka töluvert uppúr því að farið væri að reglum og viðhafðir góðir stjórnhættir, í því felst m.a. að hugað sé að jafnri skiptingu kynja í nefndum og starfsemi.

Í hópi lykilstjórnenda voru hlutföll kynjanna jöfn og ég lagði, ásamt mínu samstarfsfólki, áherslu á að skipa körlum og konum sem jafnast í verkefni og hlutverk. Áföll og stórmál kjörtímabilsins tóku hins vegar eiginlega upp tíma sem ég hefði við aðrar aðstæður notað m.a. í að sinna þessum málum og hefði ég viljað geta sinnt jafnréttismálum betur.

Ég lagði ekki beint áherslu á jafnréttismál, frekar óbeint, þetta blundaði alltaf í mér en ég lagði mikla áherslu á íbúalýðræði og lögð var rík áhersla á að ná til íbúa með erlent ríkisfang og voru þeir sérstaklega boðnir velkomnir. Þó það hafi ekki verið talað um karla og konur beint þá lögðum við mikla áherslu á íbúalýðræði og samtöl við íbúa.

Staða kvenna innan stjórnmálanna

Þær konur sem ráðnar voru í starf bæjarstjóra og störfuðu ópólitískar eiga það sameiginlegt að finna minna fyrir allri hörkunnni sem fylgir oft starfinu. Þannig sögðu þær sem kosnar höfðu verið sem bæjarstýrur og þar að leiðandi pólitískar að þeim hafi oft fundist orðatiltækið konur eru konum verstar eiga vel við. Þær sögðu að heimur stjórnmálanna sé oft harður og grófur og heilli konur ekkert sérstaklega, þannig gæti það útskýrt af hverju konur sækist ekki jafn mikið eftir þeirri stöðu eins og karlarnir.

Ég var í hópum með mjög sterkum konum sem hafa náð langt í stjórnmálum og mér finnst í flestum tilfellum að þær hafi þurft að hafa meira fyrir því. Það er öðruvísi mat og öðruvísi mælistikur og allt þetta – allar þessar klisjur eiga sér allar stoð. Aftur á móti eins og stjórnmálin eru að þróast núna, þá eru þetta að verða minna og minna eftirsóknarverðara. Það hefur alltaf verið ákveðin orðspor og leikreglur bæði óskrifðar og skrifðar. Þetta er orðin ennþá harðari heimur og ljótur heimur. Andrúmsloftið gagnvart stjórnmálum og fyrirlitningin sem beinist að fólki sem tekur þátt í stjórnmálum og þessir neikvæðu stimplar; þetta er allt óhæft fólk og svo framvegis. Ég ímynda mér að það verði ennþá erfiðara en áður fyrir konur að gefa kost á sér. Þær taka þetta meiri nærri sér heldur en karlar. Það er mín skoðun.

Staða kvenna í stjórnmálum er á margan hátt sterk en þær eiga mun erfiðara uppdráttar en karlar, sitja undir harðari gagnrýni (bæði inni í pólitíkinni og úti í samfélaginu og í fjölmiðlum), oft mjög harðri og ómaklegri, síður málefnaleg en gagnvart körlum. Ég tel að mörgum körlum standi ógn af sterkum konum í pólitíkinni, þær ógna stöðu þeirra á einhvern hátt m.a. vegna þess að þær vilja kafa dýpra í mál, vilja ræða mál á opnari hátt, eru minna fyrir pot og plott og gera almennt meiri kröfur til vandaðra vinnubrgða. Auðvitað er hér nokkur alhæfing en þetta finnst mér vera ákveðinn tilhneiging.

Oftar en ekki upplifði ég það að samstarfsmenn mínir (karlmenn) voru búnir að ræða málin sín á milli þegar taka átti ákvarðanir. Búnir að „baktryggja“ málin sín á milli. Jafnvel þegar

fleiri konur en ég sátu í bæjarstjórn. Að mínu mati þurfa konur sem eru í pólitík að hafa ansi sterk bein og breitt bak og þær þurfa að þora að taka afstöðu þótt hún falli ekki alltaf í góðan jarðveg. Þetta á sjálfsagt við um bæði konur og karla en konur þurfa sérstaklega að standa á sínu og hafa fyrir því að hlustað sé á þær.

Margar konurnar eru sammála því að staða kvenna gæti verið betri þó svo að hún sé ekki alslæm. Konur þyrftu að standa betur saman og hafa meiri samráð sín á milli.

Mér finnst því vera ábótavant að konur standi betur saman. Karlarnir eru að negla sig saman og eru ákveðnari og styðja frekar hvern annan. Við erum ekki eins mikið í svona hrossakaupum og erum kannski bara að taka eitt mál í einu sem gæti orðið til þess að við töpum öðrum málum í staðin. Ef við myndum reyna negla okkur meira saman myndum við kannski vinna helminginn af þeim og tapa þá bara helming. Staða kvenna er nú reyndar ekkert mjög léleg ef við horfum t.d. á ráðherrastólana þá erum við ágætari að því leitinu til. En í málefnaströfum þá held ég að við mætum vera ákveðnari og standa betur saman. Við verðum að gera grein fyrir því hvernig karlarnir vinna ef við ætlum að ná meira til okkar, þá verðum við að finna leiðir til þess að hafa betur.

Þá eru flestar konurnar einnig sammála um að þeim finnst lítið hafa breyst síðast liðin ár og það þurfi að skipa fleiri konur í nefndir og ráð. Þeim finnst einnig jafnréttið ekki enn hafa náð til launakjara stjórnámálanna og það þurfi að gera vinnutímann fjölskylduvænni.

Mér fannst oft eins og að konur hefðu minni þolinmæði fyrir fundum á „fjölskyldutíma“, þær áttu oft erfiðara með langar fundarsetur síðdegis, eða fjarveru marga daga í einu. Við ræddum stundum um að gera í því að auðvelda konum starf í nefndum og ráðum, hafa fundatíma fjölskylduvænni og ýmislegt í þeim dúr. Það reyndist yfirhöfuð erfitt, aðallega vegna þess að einstaklingar t.d. í bæjarstjórn höfðu ólíka aðstöðu og þarfir, vinnutíma og slíkt. Starfi bæjarstjóra fylgdi líka mikið álag. Ég velti oft fyrir mér hvort hægt væri að laga það betur að þörfum fjölskyldufólks, en það er ekki auðvelt. Þetta er einfaldlega langur vinnudagur og maður var yfirleitt á vakt „24/7“. Ég fór tvívegis í fæðingarorlof, það þótti ábyggilega líka nýlunda, í þessu starfi. Ætli ég sé ekki fyrsti bæjarstjórinn til að taka sér fæðingarorlof, a.m.k. í fullri lengd! Og það í tvígang. En það bjargaðist nú allt saman, fannst mér.

Ég hef alltaf upplifað stöðu kvenna innan stjórnámálanna þannig að hún verði að batna og breytast. Ég vil sjá fleiri konur í stjórnámálum og þeirra áherslur ráði meiru, enda er ég

sannfærð um að þannig verði stjórn málin betri og árangursríkari. Stuttu eftir hrúnið var ég sannfærð um að nú myndi samfélagið allt skilja nauðsyn þessa og bæði kynin svara kröftugu kalli um þátttöku, nýjar áherslur og breytt vinnubrögð. Ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með það hvernig þetta hefur gengið eftir.

Sem áhorfandi, þá finnst mér oft að jafnréttið sé ekki búíð að ná til launakjara stjórnámálanna. Það er alltaf gert ráð fyrir því að bæjarfulltrúar séu í annarri vinnu og þannig er það oftast nær með karlana, sem sinna þ.a.l. sinni vinnu sem bæjarfulltrúar og formenn nefnda, ekki nógu vel. Konur eru miklu samviskusamari og minnka við sig vinnu og taka verkefnið og vinnuna alla leið.

Þrátt fyrir farsælan feril sem bæjarstjóri fannst samstarfsmönnum mínum þó ekki meira en svo til koma um vinnuframlag mitt að þegar karlmaður var ráðinn eftir að ég lét af störfum eftir 6 ár í stól bæjarstjóra var vinnuframlag hans metið hærra en mitt. Þarna reyndi líka á karlkyns samstarfsmenn mína sem hreinlega fóru á bak við mig og hækkuðu laun hans að mér forspurðri þrátt fyrir að ég væri enn innan raða meirihluta bæjarstjórnar þegar sú ákvörðun var tekin. Þarna speglast kynjamunurinn greinilega og ekki bara innan stjórnámálanna heldur almennt í þjóðfélaginu enda staðreynd að laun kvenna í stjórnunarstöðum eru a.m.k. 20% lægri en laun karlkyns stjórnenda á vinnumarkaði. Í raun á að vera erfiðara að stunda þennan launamun innan stjórnsýslunnar en skv. könnunum sem gerðar hafa verið virðast ríki og sveitarfélög enn stunda þennan launamismun.

Nokkrar þeirra voru þó mjög ánægðar með stöðu kvenna í stjórn málum og það var helst að ópólitísku bæjarstýrnar hafi almennt meira jákvæðara viðhorf hvað varðar starf sitt og um stöðu kvenna almennt í stjórn málum.

Ég var kannski alveg á draumatíma við stjórn, með jafnt hlutfall í nefndum og ráðum og því sem næst jafnt hlutfall efstu stjórnenda hjá sveitarfélaginu og ég upplifði stöðu kvenna alveg ágæta. Það voru mjög öflugar konur sem störfuðu innan flokksins bæði hér heima og á landsvísu sem voru góðar fyrirmyndir og hvöttu aðrar konur áfram og lögðum mikla áherslu á að efla konur og styrkja þær til góðra verka ásamt að vonandi að sá einhverjum fræjum til að taka þátt í stjórn málastarfi.

Í sveitarstjórnnum er staða kvenna sterk enda er þar um nærþjónustu við íbúana að ræða sem konum veitist oft létt að vinna að og þar liggur oft áhugasvið flestra í upphafi

stjórnmalapátttöku. Þar er einnig minna um pólitískt baktjaldamakk og plott og auðveldara að koma til dyranna eins og maður er klæddur.

Mér fannst ekki ýkja mikill munur á skoðunum fólks í bænum eða afstöðu til kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn, eftir því hvort um konur eða karla var að ræða. Það voru einstaklingarnir, þeirra frammistaða og skoðanir, sem voru meira áberandi og til umræðu. Út á við, í samskiptum við ríkisvald og aðra aðila, þá naut ég þess að starfa með sterkum konum sem voru fulltrúar bæjarfélagsins – og fann ekki fyrir því að okkar hlutur væri verri eða öðruvísi komið fram við okkur þegar konur áttu í hlut.

Ég upplifði ævintýri, við eigum það samvert að hafa upplifað það hvað gerist þegar konur verða „critical mass“¹ þegar að konur eru ekki bara ein eða tvær sem ég upplifði eiginlega aldrei. En við upplifðum styrk okkar mjög skýrt og ég er algjörlega sannfærð um það, að stjórnendahópurinn var með jöfnu hlutfalli, að konurnar byrjuðu að tala öðruvísi, þær byrjuðu að tala sína áherslur fram og ekki tala sig inn í orðræðu sem að karlar hefðu stjórnað og búið til. Það sem gerðist á þessum tíma að áhersla sveitastjórna á leikskólamáli og fræðslu gjörbreyttist og þar með fjölskylduhugsunin. Það var lögð áhersla á að færa leikskólana frá því að vera bara daggæsla yfir í að vera fyrsta skólastigið, og að grunnskóli fluttist yfir á sveitarfélögin frá ríkinu til þess að búa til betri grunnskóla. Ég fullyrði að þetta voru kvenlægar áherslur sem smituðust. Allt í einu gerðist það að karlar sóttust eftir því að vera í nefndum eins og menntaráði sem að öllum hefði þótt kerlingarlegt. Svo þetta skiptist ofsalega. En mér finnst líka jafn mikilvægt að við missum ekki karlana frá okkur. Þegar ég hugsa aftur þá höfum við, þessar konur gengið beinni í bakið og hnarreistari en konur almennt. Við vorum með sjálfstraust.

Konur og leiðtogastöður

Þegar konurnar eru spurðar af því hvers vegna það gangi erfiðlegar fyrir konur að komast í leiðtogastöður eru þær flestar sammála því að baráttan á toppnum sé oft erfið og köld og konur heillist síður að því.

¹ Félagsleg skilgreining á því að ákveðinn hópur nær þeirri stærð í innviði félagskerfis að honum er sjálfviðhaldið og hann heldur áfram að vaxa.

Þetta getur verið hörkubarátta að komast á toppinn og það eru ekki allar sem leggja í hana. Konur skortir ef til vill lymskuna og herkænskuna við að tryggja bakland leiðtogans, það er þekking sem er ekki meðfædd heldur þarf maður stundum á afbragðs spunameistara eða ráðgjafa á að halda og þeim þurfum við að koma okkur upp og treysta. Því þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta oft um allt annað en persónulega eiginleika og kosti. Ég held að konur séu oft á tíðum enn betri leiðtogar en karlar, við hugsum í hring en ekki í línu og sjáum hlutina frá fleiri sjónarhornum ef svo má segja. Það er líka ómetanlegt að eiga maka sem stendur við hlið manns og tekur þá yfir önnur verkefni eins og heimili og börnin því þau lenda oft ansi neðarlega á listanum.

Margar eru þær einnig sammála því að það sé erfitt að breyta áratuga hefð feðraveldisins og fyrirmyndirnar og viðhorf samfélagsins eru enn þannig að leiðtogastöður henti körlum betur en konum.

Við þurfum alltaf að sanna það fyrir körlunum og jafnvel konunum líka að við séum enn betri en karlarnir og þá fyrst erum við skoðaðar jafn góðar. Mér finnst heilbrigðara ástand í fyrirtækjum en í sveitarstjórnunum. Þú ert yfirleitt með karla sem eru 60 ára og eldri sem vita allt best og með bestu reynsluna að þeirra mati. En þessi aldursflokkur lítur því miður niður á konur og telur að þær ætti að minnka við sig vinnu og vera heima hjá börnunum.

Það ríkir mikill tvískinnungur í samfélaginu gagnvart konum og jafnrétti, mér dettur stundum í hug titill á bók eftir Vitu Andersen, „Haltu kjafti og vertu sæt“ þegar ég hugleiði þetta. Gagnrýnin sem dynur á konum sem „taka slaginn“ í pólitíkinni er hreint ótrúleg. Þær eru frekar, athyglissjúkar, á breytingaskeiðinu o.s.frv. á meðan karlar fá lýsingarorð með jákvæðari merkingu, ákveðnir, traustir, klárir og standa fyrir sínu. Umhverfið í pólitíkinni og umræðan sem fjölmiðlar stjórna byggja á karllægum gildum, gamaldags hugmyndum um „landsföðurinn“ sem við skyldum öll fylgja og treysta gagnrýnislaust. Kvenlægu gildin virðast „trufla“ gamalgróið kerfi og við erum bara komin sorglega skammt á veg með að breyta þeim. Fjölmargar konur stíga út úr pólitíkinni vegna þess að þær eru ekki tilbúnar til að færa þær fórnir sem þetta gamaldags kerfi gerir kröfur um og okkur hefur ekki enn tekist að breyta nægilega mikið.

Þær segja einnig eina ástæðuna vera þá að konur geri of lítið úr eigin hæfileikum og eiga það til að vilja ekki taka að sér krefjandi verkefni nema sjá fram á fullkominn árangur og gefa því síður kost á sér. Auk þess telja þær að sumar konur langi einfaldlega ekki að vera í forrystuhlutverkinu og finnist það lítið spennandi.

Það er fyrst og fremst hugarfar. Konur sjá oft á tíðum ekki fyrir sér að störf eða stöður séu fyrir þær. Árið 1995 er ég ekki viss um að ég hefði velt fyrir mér að sækja um starfið eða máta mig í það, ef enginn hefði ýtt því að mér eða hvatt mig. Þannig að þetta er bæði spurning um hugarfar kvenna og viðhorf til leiðtogastöðunnar og um viðhorf annarra og hvatningu samfélagsins eða hópa. Ég held líka að ýmis störf séu svo samgróin eða einkennd af óaðlaðandi starfsháttum sem við konur teljum að sé erfitt að breyta. Það fæli ábyggilega margar konur frá. Starf bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa er þar á meðal. Á móti kemur að margar konur hafa áhuga á samfélagslegum málefnum og eru (því miður) tilbúnar að leggja vinnu sína af mörkum fyrir litlar fjárhagslega þóknun, eins og bæjarfulltrúar búa við – það vegur á móti. Þar á móti kemur hins vegar að margar konur fælast að standa í víglínu stjórn mála – orðaskak og átök eru þeim þyrnir í augum og þær taka oft of nærri sér, það sem sagt er og gert, í hita umræðu og átaka, það er mín reynsla. Konur mættu oft vera svolítið kærulausari eða brynjaðri hvað þennan þátt varðar. Ég veit að það tók mig dágóðan tíma að brynja mig fyrir slíku, en þegar það tókst – þá fannst manni þetta minna mál og meiri gleði og ánægju út úr því að hafa að vinna að góðum framfaramálum, þó ekki væru alltaf allir sammála um alla hluti. Það verður seint þannig.

Konur eru ekki jafn duglegar og karlar við að búa til tengslanet, næra það og virkja. Það er atriði sem við konur þurfum að vera miklu duglegri við að búa til. Við kunnum þetta ekki á meðan karlarnir hafa reynslu kynslóðanna í farteskinu við sína tengslamyndun. Við tengjumst jafningjum, ættingjum og vinkonum, okkur til ánægju, á meðan að karlarnir búa til tengsl út frá framtíðar hagsmunum sínum. Ef við konurnar ætlum okkur áfram þá verðum við að læra þetta. Margtuggnar klisjur um kvenlega eiginleika eiga síðan auðvitað alveg rétt á sér í þessu sambandi, að konur tengist vegna tilfinninga en karlar vegna hagsmuna.

Inngróið samviskubit mæðra um að vera ekki að standa sig nógu vel í því hlutverki er algengt umkvörtunarefni og enn og aftur snýst þetta um tímaskort og forgangsröðun. En annars held ég í grunninn að konum gangi yfirleitt ágætlega að fá leiðtogastöður ef þær sækja það nógu fast og eru tilbúnar til að fórna því sem til þarf til þess að ná þeim árangri.

Ég held að það sé ekki endilega að konur óttist það að vera þar sem blæs um þær en af hverju ættu þær að vilja það þegar þær geta verið heima með fjölskyldunni sinni? Forgangsröð karla er ekki eins skýr, við konurnar upplifum hugarfarsbyltingu og ég held að karlar verða ekki fyrir samskonar hugarfarsbyltingu hvað varðar barneignir. Ég gat til dæmis lagt börnin mín á brjóst og þarna spilar móðureðlið sterkt. Við erum ekki ennþá búin að skynja gildi

okkar sjálfra með sama hætti og að vera í forystustarfi eins og karlar gera. Viðhorfið spilar einnig mikið inn í og í dag þykir það til dæmis ekki fínt að vera húsmóðir eða sinna umönnunarstörfum en það þykir flott að vera ráðuneytisstjóri. Þetta eru mikilvæg störf en þau eru ekki metin af virðingu af sama hætti og forystu og leiðtogastörfin. Þess vegna held ég að það hljóti bara að vera erfitt að vera karlmaður á komandi kynslóðum. Þeir fá núna meira tækifæri til þess að vera með fjölskyldu sinni og njóta þess að vera lífverur og eru ekki bara maskína sem sér fjölskyldunni farboða en það er bara miklu minna virðingarhlutverk. Það á ekki að reyna að steypa kyninu í sama form.

VII. Umræða og samantekt

Þegar rætt eða skrifað er um leiðtoga, virðist myndin af hinum sterka karlmanni enn vera ríkjandi í hugum margra. Konurnar sem rætt var við og aðrar konur sem gegna stjórnunarstöðum eru mikilvægir leikendur í því að brjóta niður þessa ímynd. Hættan er þó sú konur stigi inn í hlutverk karlmannsins í leiðtogahlutverki sínu og viðhaldi þar með karlmennsku stimplinum á stjórnunarembættinu. Kvenlegir eiginleikar í starfi stjórnenda geta hamlað þeim í starfi og orðið til þess að konur þykja ekki nógu harðar til þess að gegna starfi stjórnenda. Konurnar 25 sem hér eru til umfjöllunar hafa flestar sögu að segja sem tengist áhrifum kyns þeirra á embættisstörf þeirra. Aðspurðar virtust flestar konurnar ekki telja að kyn þeirra skipti máli í starfi þeirra en að sama skapi gátu þær flestar nefnt dæmi um slíkt. Þetta gæti verið til marks um að viðhorf þeirra sjálfra sé annað en almennings til sinna starfa eða að þær séu ekki meðvitaðar um áhrif kyn síns á eigin störf. Kom fram að sumstaðar þótti fólki það boða róttækar breytingar að hafa konu við stjórnvöllin og að eldra fólki þótti það jákvæðara að hafa bæjarstýru frekar en því sem yngra var. Flestum konunum þóttu þær hafa náð árangri í starfi sínu sem bæjarstýrur og því er ekki óeðlilegt að þeim þyki kyn sitt ekki hafa skipt máli. Viðhorf og væntingar almennings til karla og kvenna eru aftur á móti mismunandi og að vissu leyti enn föst í þeim staðalmyndum sem fylgt hafa kynjunum í árhundruði. Konur eru samkvæmt þeim taldar vera félagslegar þenkjandi og hugsá meira um hina „kvenlegu“ málaflokka eins og kemur fram í rannsóknunum sem útlistaðar eru hér að framan. Þetta gæti skýrt ánægju eldra fólks með kvenkyns stjórnenda í sínu sveitarfélagi þar sem mikið af því þarfnast ummönnunar og aðstoðar frá stéttum sem sinna „kvenlegum“ störfum.

Einnig er áhugavert að sjá hve margar kvennanna virðast samþykkja stöðluð hlutverk kynjanna og nota þau til þess að útskýra stöðu kvenna í stjórnmálum. Má sjá í svörum þeirra að þær telja að félagsleg málefni séu frekar á oddinum hjá konum og að þær séu jafnvel hæfari til þess að sinna þessum málaflokkum en karlar og nefnir ein breytingar á áherslum varðandi skólamál, máli sínu til stuðnings. Einnig telja konurnar að það sem hamli stjórnmálaþátttöku kvenna séu kvenlegir eiginleikar þeirra og að karlar séu mun hagsmunamiðaðri á meðan konur hugsu meira á tilfinningalegu nótunum. Konum sé einnig illa við átök og orðaskak vegna þess að þær séu viðkvæmari fyrir slíku og þar af leiðandi sæki þær síður í pólitískar stöður. Í svörum margra má einnig finna dæmi þess að þær telji konur beinlínis hæfari til þess að stjórna en karlmenn. Konur geri meiri kröfur til vandaðri

vinnubragða og kafi dýpra í hlutina og séu ekki að vinna önnur störf samhliða bæjarstýrustarfinu í sama mæli og karlmenn myndu gera og geti því skilað betri vinnu. Ein er sannfærð um betri og árangursríkari stjórnámál með meiri þátttöku kvenna og önnur telur að konur sjái hlutina frá fleiri sjónarhornum en karlar sem að geri þær að betri leiðtogum.

Í kjölfar efnahagshrunsins sem varð á Íslandi árið 2008, hafa margar spurningar vaknað sem snúa að konum í stjórnunarstöðum. Margir hafa vilja halda því fram að hlutirnir hefðu farið á annan veg ef að konur hefðu verið í meirihluta stjórnunarstaða og má t.d. sjá það á svörum sumra viðmælenda minna hér að framan. Þær Gyða Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2010) greindu bankahrunið til að mynda út frá rannsóknarskýrslu Alþingis og töldu að uppgangur innan bankakerfisins einkenndist af stigveldi karlmennskunnar. Eiga þær þar við völdin og peningana sem fylgdi stöðum innan bankakerfisins og samkeppni um að ná þessum stöðum. Ísland hefur að einhverju leiti fallið aftur í gamlan hugsunarhátt í kjölfar hrunsins með það að markmiði að hindra að sömu mistök verið gerð á nýjan leik. Hætta er á að staða kvenna innan stjórnmála og víða annarsstaðar í samfélaginu geti fylgt með og afturhvarf orðið til frekara ójafnvægis í kynjahlutföllum sem áður var viðloðandi. Frekari rannsókna og aðhalds er þörf í framtíðinni á stöðu kvenna í stjórnmálum, því er mikilvægt að kortleggja stöðu kvenna sem bæjarstjóra og þekkja aðstæður þeirra til að þekkja þær hindranir sem verða á vegi þeirra og getur sú þekking orðið til að auka hlut þeirra og áhrif í framtíðinni. Þetta lokaverkefni er lóð á þær vogarskálar.

VIII. Heimildaskrá

- Ahl, Helena. (2006). *Why Research on Women Entrepreneurs Needs New Directions*. Sótt á vef 20. mars 2012 af slóðinni: <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/118605115/PDFSTART>
- Auður Styrkárzdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstj.). (2005). *Kosningaréttur kvenna 90 ára*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Auður Styrkárzdóttir og Svanur Kristjánsson. (2001). *Konur, flokkar og framboð*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir. (2008). Ein af strákunum: Íslenskir kvenleiðtogar. *Rannsóknir í Félagsvísindum IX* (ritstjóri Ingjaldur Hannibalsson). Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Berger, K.S. (1991). *The Developing person through childhood and adolescence*. New York, Worth Publishers.
- Björg Einarsdóttir. (2004). Auður Auðuns. *Andvari*, 129, 11-76.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingsabekk*. Sótt á vef 3. apríl af slóðinni: <http://jafnrettiiskolum.is/D10/Files/Berglind%20R%C3%B3s%20Magn%C3%BAsd%20%C3%B3ttir.PDF>
- Bourdieu, Pierre. (2001). *Masculine domination*. Cambridge, Polity Press.
- Collard, J. og Reynolds, C. (2005). *Leadership Gender and Culture in Education. Male and female perspectives*. Buckingham, Open University Press.
- Connell, R.W. (1995). *Masculinities*. Cambridge, Polity Press.
- Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (ritstjóri). (1998). *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Reykjavík, Kvennasögusafn Íslands.
- Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). *Konur og karlar í fjölmiðlum - Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun*. Sótt á vef 4. apríl 2012 af slóðinni: http://skemman.is/stream/get/1946/6832/18594/1/35-45_EygloArnaD_FELMANbok.pdf

- Fridkin, Kim L. og Patrick J. Kenney. (2007). *Examining the Gender Gap in Children's Attitudes Toward Politics*. Sótt á vef 29. mars 2012 af slóðinni:
<http://www.springerlink.com/content/k1n5457t3n111mkr/>
- Friðrik H. Jónsson. (1993-4). Ímynd stjórnmalamanna. *Íslenskt félagsrit* 5(3), 23-54.
- Gísli Jónsson. (1977). *Konur og kosningar: Þættir úr sögu íslenskrar kvenréttindabaráttu*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Gold, A og Evans, J. (2002). *Piggy in the middle: Managers, emergent leaders or prospective senior leaders?* London, University of London, Institute of Education.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun* 10(9), 9-43.
- Gyða Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni“. *Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*. Sótt á vef 20. mars 2011 af slóðinni:
<http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/1501.pdf>
- Gylfi Gröndal. (1988). *Við byggðum nýjan bæ, minningar Huldu Jakobsdóttur heiðursborgara Kópavogs*. Reykjavík, Almenna bókafélagið.
- Handbók Alþingis. (2009). Sótt á vef 21. mars 2012 af slóðinni:
<http://www.althingi.is/pdf/handbok2009.pdf>
- Hulda Jakobsdóttir fyrsta konan sem kosin er bæjarstjóri hér á landi. (1957, 6. júní). *Þjóðviljinn* 125(22), 1-3.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Jafnréttisstofa. (2010). *Staða kynja í sveitastjórnnum – samantekt*. Sótt á vef 5. Apríl 2012 af slóðinni : [http://www.jafnretti.is/D10/ FILES/sveitarstj_kosning_2010_ed2.PDF](http://www.jafnretti.is/D10/FILES/sveitarstj_kosning_2010_ed2.PDF)
- Kristín Jónsdóttir. (2008). Hlustaðu á þína innri rödd. Kvennaframboð í Reykjavík og Kvinnalísi 1982-1987. *Saga* 46(1), 239-243.

- Margrét Pála Ólafsdóttir. (1998). Kynjaskipting á leikskólanum „Hjalla“. *Líkt og ólíkt: kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi* (ritstj. Anne-Lisa Arnesen). Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Margrét Valdimarsdóttir. (2005). *Karlar og konur í íslensku sjónvarpi- Fréttir*. Sótt á vef 4. apríl 2012 af slóðinni: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3374>
- Ragnhildur Helgadóttir. (1981). *Auðarbók Auðuns*. Reykjavík, Landssamband Sjálfstæðiskvenna og Hvöt, Félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík.
- Rosner, Judy B. (1990). „Ways women Lead“. *Harvard business Review*. Sótt á vef 20. mars 2012 af slóðinni: <http://hbr.org/1990/11/ways-women-lead/ar/1>
- Shaffer, D. R og Kipp, Katherine. (2006). *Developmental psychology, childhood and adolescence*. London, Thomson Learning.
- Sigríður J. Magnússon. (1960). Auður Auðuns borgarstjóri. *19. júní, 1(1)* 18-19.
- Sinclair, Amanda. (1999). *Doing leadership differently : gender, power, and sexuality in a changing business culture*. Melbourne, Melbourne University Press.
- Stefanía Traustadóttir. (1989). *Nú er lag: fleiri konur í sveitarstjórnir, fleiri konur á þing: ábendingar um leiðir sem geta leitt til meiri jöfnuðar*. Reykjavík, Jafnréttisráð.
- Unnur Brá Konráðsdóttir. (2006). Mikilvægasta reglan í stjórnámálum. *Níutíu raddir: greinasafn kvenna*, (ritstjóri Inga Jóna Þórðardóttir). Reykjavík, Landssamband Sjálfstæðiskvenna.
- Velferðarráðuneytið. (2001). *Fjölmiðlar hafa mikil áhrif til félagsmótunar og bera því mikla ábyrgð*. Sótt á vef 20. mars 2012 af slóðinni: <http://www.velferðarraduneyti.is/heimasidur/konur/utgefid-efni/nr/309>
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (1997). Gender sem greiningartæki í sögu. *Íslenska sögubíngið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II*. Reykjavík, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). *Kynjakerfið: Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli.*

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sót á vef 3. apríl 2012 af slóðinni:

https://notendur.hi.is/einarsd/kynjafraedi/Einarsdottir_Kynjakerfid_06.pdf

Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). *Kynjaskekkja í stjórnámálum.*

Breytingar og árifabættir. Sótt á vef 20. mars 2012 af slóðinni:

<http://skemman.is/is/stream/get/1946/8988/23956/1/a.2009.5.1.1.pdf>

Þyri Halla Steingrímisdóttir. (2011). Félag kvenna í lögmennsku minnst aldarafmælis: Auður

Auðuns, frumkvöðull og fyrirmynd. *Lögmannablaðið* 17(2) 24-26.

